NÁTTÚRUPERLUR Í SVAÐIÐ? ▶6

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HELGARBLAÐ
18. júlí 2015
167. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

MAMMA REYNDI AÐ DREPA MIG

Einar Zeppelin flúði lífshættulega slasaður undan móður sinni fyrir ellefu árum. Litla systir lést af völdum móðurinnar. ▶ 20

GUÐMÓÐIR PÖNKSINS
Rokkstjarnan Patti Smith kom fyrst til landsins 1969 og fær ekki nóg af landi og þjóð. ▶ 32

STEINUNN ÓRARINSDÓTTIR
ÞAÐ ER ALLT HÆGT Í MYNDLIST ▶ 18

JÓN GNARR
ÞAÐ VANTAR MEIRI HEIMSPEKI ▶ 12

GULL BYLGJAN

VEÐUR



Norðlæg átt 5-10 m/s með rigningu fyrir norðan og austan og hita á bilinu 3 til 8 stig, en sumarlegra og bjartara veður sunnan- og vestanlands með hita upp í 18 stig suðvestan til.

SJÁ SÍÐU 30

GLEÐIFRÉTTIN

Mynduð af sjálfri Annie Leibovitz

„Sjúklega mikið ævintýri og súrrealískt," sagði fyrirsætan Eva Katrín Baldursdóttir um að hafa verið ljósmynduð af heimsfræga ljósmyndaranum Annie Leibovitz fyrir franska fatamerkið Moncler.

FIMM Í FRÉTTUM VANHELGUN OG RIGNINGARTÍÐ

SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR, umhverfisráðherra og formaður Þingvallanefndar, segir það vanhelgun og vanvirðingu að ferðamenn hægi sér í rjóðri við þjóðargrafreitinn á Þingvöllum.

JÓHANN G. JÓHANNSSON, kúabóndi á bænum Breiðavaði á Austurlandi, hefur áhyggjur af túnslætti þetta sumarið. Ekki er byrjað að slá vegna rigninga.

EDDA JÖRUNDSDÓTTIR hefur sagt upp starfi sínu sem hjúkrunarfræðingur á Landspítalanum. Að óbreyttu hyggst hún starfa í Noregi eftir að uppsögn hennar tekur gildi þann 1. október.

ÁSMUNDUR ÁSMUNDSSON myndlistarmaður er ósáttur við að hafa verið rekinn úr Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur. Hann segist sæta ofsóknum og einelti.

→ **Ármann Kr. Ólafsson**, bæjarstjóri Kópavogs, sendi bankastjóra Landsbankans bréf þess efnis að bankinn sé velkominn með höfuðstöðvar sínar í bæinn.

GLEÐI Þessi börn í söfnuði Menningarseturs múslima fögnuðu Eid al-Fitr, fyrsta degi eftir föstulok, með því að skoppa um í hoppukastala. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Múslimar héldu upp á lok ramadan víða um heiminn:

Glöddust í hoppukastala í sólinni

SAMFÉLAG **„Við vorum með bænahald þar sem yfir 100 manns mættu og veislu eftir á fyrir alla. Svo skemmtum við okkur og spjölluðum og krakkarnir léku sér," segir Ahmad Seddeq, imam Menningarsetursins múslima á Íslandi, en söfnuðurinn fagnaði Eid al-Fitr, fyrsta degi eftir ramadan, föstumánuð múslima, í gær. Ahmad segir að öfugt við ramadan sé harðbannað að fasta á Eid al-Fitr.**

Aðspurður segir hann að ekki sé erfitt að fasta á Íslandi. Í söfnuðinum er til dæmis 82 ára gamall maður frá Sýrlandi sem fastaði allan síðasta mánuð. Hann segir auðveldara að fasta hér en í Mið-Austurlöndum þar sem hitinn hér er mun vægari. Ahmad segir líkamann þar að auki venjast föstunni vel. - þea

Ránin í Samkaup upplýst:

Náðist á mynd og játaði ránin

LÖGREGLUMÁL Tvö rán í verslununinni Samkaup í Hófgerði í Kópavogi á fimmtudag og síðasta laugardag hafa verið upplýst. Karl á þrítugsaldri viðurkenndi við yfirheyrslur hjá lögreglu að hafa verið að verki í bæði skiptin.

Birtar voru myndir af ræningjanum í gær og bárust þá ábendingar sem leiddu til handtöku.

Heimir Ríkarðsson hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu segir að 15 til 20 þúsund krónum hafi verið rænt í hvort skipti. - bo

Deilt á borgarstjóra:

Segja ráðningu gerræðislega

REYKJAVÍKURBORG Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði segja borgarstjóra ekki líta á borgarráð sem stjórnvald sem taki sjálfstæðar ákvarðanir „heldur stimpil sem hafi það hlutverk að staðfesta ákvarðanir sem hann hefur þegar tekið" eins og segir í bókun þeirra.

Þar er einnig „flausturslegum og gerræðislegum vinnubrögðum borgarstjóra og formanns borgarráðs" við ráðningu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs harðlega mótmælt. - gar

VIÐ LENDINGU Flugvél lendir á flugvellinum í Vestmannaeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Gagnrýna takmörkun á einkaflugi á Þjóðhátíð

Óánægja er á meðal áhugaflugmanna um takmarkanir á flugumferð í Eyjum um verslunarmannahelgina. Isavia segir breytinguna gerða til að tryggja flugöryggi.

SAMGÖNGUMÁL Óánægja er meðal einka- og áhugaflugmanna með nýjar reglur Isavia um skipulag flugs til og frá Vestmannaeyjum yfir verslunarmannahelgi.

Samkvæmt reglunum verður afgreiðslutímum á flugvöllinn úthlutað svo flugtök og lendingar verði ekki fleiri en átta á hálftíma. Auk þess mun atvinnuflug hafi forgang.

Fram til þessa hefur flugturninn í Vestmannaeyjum séð um að dreifa álagi á flugvöllinn. „Það hefur bara gengið mjög vel," segir Valur Stefánsson, formaður Félags flugmanna og flugvélaeigenda.

Valur segir sambærilegt fyrirkomulag hafa verið reynt fyrir nokkrum árum en það hafi ekki gengið sem skyldi. „Það var ekkert af litlu vélunum sem fóru þá helgina," segir Valur.

Valur spyr hvers vegna sé verið að setja nýjar reglur nú þar sem álagið á flugvellinum hafi verið mun meira áður en Landeyjahöfn var tekin í notkun árið 2010.

VALUR STEFÁNSSON

„Það er miklu minna af litlum vélum sem eru að fara núna eftir að Landeyjahöfn kom því að Herjólfur er að ferja obbann af þessu fólki í dag sem hann gerði ekki áður," segir Valur.

Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi ISAVIA, segir ástæðu breytinganna vera áhættumat sem gert hafi verið síðasta haust.

„Þar komu í ljós öryggislegir vankantar og það hefði verið óábyrgt af okkur að bregðast ekki við," segir Guðni.

Þá segir Guðni að eftir samdrátt í flugi eftir hrun hafi flug til Vestmannaeyja tekið að aukast á ný yfir verslunarmannahelgi.

Afgreiðslutíma á Vestmannaeyjaflugvelli um verslunarmannahelgi er úthlutað til þess að koma í veg fyrir að hættuástand skapist vegna of mikils álags.

„Bæði er það til þess að tryggja að ekki séu of margar flugvélar í einu í loftrýminu og vegna þess að stæði á flugvellinum eru takmörkuð."

Guðni segir að miðað við greiningu á umferðinni ættu flugmenn og flugfarþegar að komast leiðar sinnar. „En mögulega gætu þeir þurft að hliðra tímum til þess að dreifa álaginu á flugvöllinn betur," segir Guðni.

Guðni bætir við að algengt sé að afgreiðslutímum sé úthlutað á álagstímum á flugvöllum. „Þetta á til dæmis við um Keflavíkurflugvöll en þar er afgreiðslutímum úthlutað á helstu álagstímum sólarhringsins," segir Guðni. ingvar@frettabladid.is

Ný skýrsla um stuðning við landbúnaðarkerfið kallar eftir upplýstri umræðu:

Afnám stuðnings bætir velferð

LANDBÚNAÐUR Afnám eða lækkun stuðnings við landbúnað gæti ógnað fæðu- eða matvælaöryggi en á sama tíma myndi velferð samfélagsins í heild batna. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu fimm viðskiptafræðinema við Háskólann á Bifröst.

Nemendurnir, Aðalheiður B. Sigurðórsdóttir, Guðjón F. Gunnarsson, Jóhannes B. Pétursson, Snorri Guðmundsson og Svanberg Halldórsson, komast að þeirri niðurstöðu að neytendur myndu njóta góðs af slíkum breytingum með auknu vöruúrvali og lægra vöruverði en hætta sé á því að staðbundnir erfiðleikar á landsbyggðinni myndu fylgja slíkum breytingum.

„Raddir ólíkra hagsmunaaðila hafa ómað hátt síðastliðin misseri í umræðunni um stuðning við íslenskan landbúnað, en lítið hefur farið fyrir talsmönnum neytenda," segir í skýrslunni.

Skýrsluhöfundar sammælast um ágæti íslenskrar landbúnaðarframleiðslu en telja brýnt að endurskoða skilvirkni núgildandi fyrirkomulags. „Það að gagnrýna núverandi stuðningskerfi og óska þess að það verði mótað að nýjum og breyttum tímum þýðir ekki það sama og að vera á móti bændum. Í því samhengi skora skýrsluhöfundar á stjórnvöld að vera leiðandi afl í upplýstri umræðu í þágu samfélagsins," segir í skýrslunni.

ENDURSKOÐUN BRÝN Skýrsluhöfundar um landbúnaðarkerfið telja brýnt að talsmenn neytenda fái pláss við borðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Telja þau varhugavert að að talsmönnum neytenda eða launþega sé sjaldnast, eða aldrei, boðið til borðs í þau ráð eða nefndir sem móta landbúnaðarstefnu Íslendinga. - fbj

HÚSASMIÐJAN

blómaval

RÝMINGAR-SALA

Á SUMARVÖRUM

RÝMINGARSALA & ÚTSALA

Allt að 50% afsláttur

GARÐHÚSGÖGN **30–40%**, SUMARBLÓM **20%**, GARÐLEIKFÖNG **30–40%**, RAFMAGNS- OG BENSÍNORF **20%**, REIÐHJÓL **20–30%**, TRAMPÓLÍN **20%**, TRÉ OG RUNNAR **50%**, RAFMAGNSSLÁTTUVÉLAR **25%**, GASGRILL **20%**, ÚTIPOTTAR **30%**, GOSBRUNNAR **30%**, FRÆ **50%**, GARÐSTYTTUR **30%**, REIÐHJÓLAFYLGIHLUTIR **30%**, GRILLÁHÖLD **30%**, BÚSÁHÖLD **25%**, CLABER GARÐVÖRUR **40%**, KEÐJUSAGIR **20%**, HEKKKLIPPUR **30%**, MATJURTIR **50%** OG ÓTAL MARGT FLEIRA.

Brandenburg

Með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“, tilboðsvörum og Weber grillum.

525 3000 • husa.is

12.17.2015 → 18.07.2015

2 NÁLGUNARBÖNN

hafa verið veitt í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum það sem af er ári.

7,3 MILLJÓNA

Bandaríkjadala sekt fengu eigendur leigubílaforritsins UBER fyrir að veita löggjöfum ekki nægar upplýsingar um starfsemi og þjónustu þeirra.

1.000 MILLJARÐA

króna aukalán fá Grikkir samkvæmt samkomulagi.

2.000 TONN



af dýrahræjum vill Kaupfélag Skagfirðinga brenna við sláturhús sitt á Sauðárkróki.

4.757

voru atvinnulausir í júní samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar.

88,4%

þeirra hjúkrunarfræðinga sem greiddu atkvæði um nýjan kjarasamning greiddu atkvæði gegn honum.

40 MANNS

skulda Lánasjóði íslenskra námsmanna samtals 1,1 milljarð.

SORG Þessi móðir lagðist á bæn með börnum sínum við minnisvarða til heiðurs landgönguliðunum sem féllu í Chattanooga á fimmtudagskvöld. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkjamenn syrgja fórnarlömb skotárásar í Chattanooga:

Minntust fjögurra landgönguliða

BANDARÍKIN Bandaríkjamenn syrgðu í gær fjóra bandaríska landgönguliða sem féllu fyrir hendi árásarmannsins Muhammads Youssef Abdulazeez, bandarísks ríkisborgara sem fæddist í Kúveit, kvöldið áður. Abdulazeez réðst á skrifstofur Bandaríkjahers í bænum Chattanooga í fylkinu Tennessee og skaut fjórmenningana til bana.

Barack Obama Bandaríkjaforseti minntist mannanna með því að segja við fjölmiðla að hrikalegt væri að hugsa til þess að einstaklingar sem hafi þjónað landi sínu með glæsibrag þurfi að láta lífið á þennan máta.

- þea

Þingfest hjá Hæstarétti:

Áfrýjun BHM þingfest í gær

KJARAMÁL BHM ákvað að áfrýja niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur til Hæstaréttar sem þingfesti málið í gær.

BHM telur niðurstöðu héraðsdóms ranga. Bann við verkföllum og svipting samningsréttar sé ekki á meðal úrræða til lausnar kjaradeilum sem stjórnvöldum á hverjum tíma standi til boða. Verkfallsrétturinn sem hluti samningsréttar og sem órjúfanlegur þáttur félagafrelsis stéttarfélaga er varinn af stjórnarskrá Íslands.

Gera má ráð fyrir því að málflutningur fyrir Hæstarétti fari fram í ágúst. **- ngy**

137 þúsund ferðamenn í júní:

Aukin ásókn í skipulagðar ferðir

SAMFÉLAG Erlendir ferðamenn vörðu mestu til kaupa á ýmsum skipulögðum ferðum í júní, svo sem hvalaskoðunarferðum, jöklaferðum og öðrum náttúruskoðunar- og ævintýraferðum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Rannsóknarsetri verslunarinnar.

Fjöldi ferðamanna í júní nam rúmum 137 þúsundum samkvæmt talningu Ferðamálastofu og vörðu þeir alls 3,8 milljörðum króna í slíkar ferðir.

Algengt er að verð fyrir náttúruskoðunar- og ævintýraferðir sé á bilinu átta til tuttugu þúsund krónur. **- ngy**

Telur óbeit á vörðum vera útlendingahatur

Um tuttugu tonnum af grjóti var ekið burt af landi Heiðarbæjar ofan við Þingvallavatn á fimmtudag. Vegfarendur höfðu hlaðið þar litlar vörður í stórum stíl.

ÚTIVIST „Þetta er hryllingur og þetta á að fjarlægja alls staðar," segir Vilborg Anna Björnsdóttir, formaður Félags leiðsögumanna. Unnið hefur verið að því síðustu daga að fjarlægja örvörður nálægt Þingvöllum og girða fyrir svæðið.

„Þetta er þannig að fólk fer í ferðalag og því finnst það þurfa að skilja eitthvað eftir sig til að segja „ég var hér". Þetta skemmir náttúruna hvar sem það er. Ég þekki engan sem er meðmæltur þessu ógeði," bætir Vilborg við.

Ari Arnórsson leiðsögumaður tekur í sama streng og Vilborg. Hann tók þátt í að fjarlægja, að eigin sögn, tugi tonna af grjóti af svæðinu fyrr í vikunni.

„Þarna á ekki að vera neitt efni eftir fyrir túrista."

Aðspurður hvort vörðurnar séu þetta slæmar og hvort þær gefi lífinu ekki lit segir Ari:

„Það gerir lífið skemmtilegra að krota yfirskegg á Mónu Lísu en það þýðir ekki að öðrum sem langar að sjá Mónu Lísu eins og hún var upprunalega gerð finnist það. Þetta er sami hluturinn. Þetta er graffíti."

Vegagerðin vann í gær að því að girða fyrir svæðið, sem er um þrjú hundruð metra breitt og 250 metra langt. Þá var komið upp skiltum sem banna að hlaðnar verði fleiri örvörður.

Fréttablaðið hafði samband við Ásmund Ásmundsson myndhöggvara og spurði hann álits á vörðunum.

„Er þetta ekki bara sjálfsagður hlutur. Þegar það koma útlendingar þá þurfa þeir að kúka og þetta er eins og að kúka, ákveðin tjáning með frumstæðum hætti. Augljóslega er þetta ekki skemmdarverk. Það er fólk sem kemur hingað og skapar einhverjar fallegar vörður fyrir Íslendinga að njóta. Það er fáránlegt að kalla þetta skemmdarverk."

MINNING Varðan sem Vana Ilieva frá Búlgaríu hlóð með foreldrum sínum í júní 2013 er horfin. Vörðunni var ekið burt með öðru grjóti á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Þegar það koma útlendingar þá þurfa þeir að kúka og þetta er eins og að kúka, ákveðin tjáning með frumstæðum hætti.**
>
> *Ásmundur Ásmundsson myndhöggvari.*

Ásmundur segir að málið og umræða um það sé ekki ósvipuð umræðunni um kúkinn sem ferðamenn skilja eftir sig á Þingvöllum.

„Það er mjög gott fyrir Íslendinga að þrífa skítinn eftir útlendinga. Bæði að hreinsa klósettpappír og kúk. Það er spurning hvort þetta hatur á vörðunum sé ekki dulbúið útlendingahatur." **snaeros@frettabladid.is**

BLÁTT BANN Nýja skiltið er skýrt. Þarna er bannað að hlaða upp steinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

ILVA

25-50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SUMARVÖRUM

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Minnihluti bæjarráðs Hafnarfjarðar er óánægður með sameiningu skóla:

Furðu lostin á samráðsleysinu

HAFNARFJÖRÐUR Bæjarráðsfulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna í Hafnarfirði lýstu í gær yfir furðu sinni og óánægju með fyrirhugaða sameiningu Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans. Í bókun fulltrúanna, sem mynda minnihluta bæjarráðs, er kvartað yfir samráðsleysi ráðuneytis við bæjaryfirvöld.

Minnihlutinn segir sameininguna þvert á skýra afstöðu bæjarstjórnar og ítrekuð mótmæli gegn því að starfsemi Iðnskólans flytjist úr bænum.

Þá lýsir minnihlutinn einnig yfir óánægju með að meirihluti Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokksins tilnefni fulltrúa í starfshóp ráðherra sem starfar að sameiningu skólanna.

„Bæjarfulltrúar Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks harma þær dylgjur sem minnihlutinn setur fram í bókun sinni," segir í bókun meirihlutans, sem segist ætla að beita sér fyrir öflugu iðnnámi í Hafnarfirði. **- þea**

SAMEINING Ef af sameiningu verður færist starfsemi Iðnskólans í Hafnarfirði undir hatt Tækniskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

www.hyundai.is

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur

Opið í dag kl. 12–16

Hyundai Santa Fe

Hyundai Santa Fe er einn glæsilegasti bíllinn í Hyundai fjölskyldunni. 2,2 lítra, 197 hestafla dísilvélin í Santa Fe sjálfskiptum notar einungis 6,7 l/100 km í blönduðum akstri. Staðalbúnaður í Santa Fe er glæsilegur, fullkomið fjórhjóladrif með læsingu á miðdrifi, spólvörn, HAC brekkuhjálp, LED kastarar í framstuðara og handfrjáls símabúnaður auk AUX og USB tengimöguleika við hljómtæki.

Við bjóðum þér að reynsluaka nýjum Hyundai Santa Fe og upplifa af eigin raun af hverju Hyundai bílar koma alltaf framúrskarandi vel út í gæðakönnunum.

Hyundai Santa Fe, dísil sjálfskiptur – verð frá 6.990.000 kr.

GE Bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurl.
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

HYUNDAI

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

Afnám hafta jákvætt skref:

Lánshæfismat Íslands hækkað

EFNAHAGSMÁL Standard og Poor's hækkaði lánshæfismat Íslands í gær úr BBB- í BBB. Matsfyrirtækið hefur einnig hækkað skammtímaeinkunn úr flokki A-3 í A-2. Horfur eru áfram stöðugar.

Standard og Poor's segir hækkun lánshæfismatsins byggja á trúverðugri aðgerðaáætlun stjórnvalda til losunar fjármagnshafta. Aðgerðirnar bæti aðgengi Íslands að alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og bæti einnig skuldastöðu ríkissjóðs. - ih

John Kerry krafðist framsals samlanda sinna sem haldið er í Íran er rætt var um kjarnorkumál Írana:

Mál fjögurra bandarískra fanga voru rædd

BANDARÍKIN Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, John Kerry, sagði mál þeirra fjögurra Bandaríkjamanna sem haldið er í fangelsi í Íran hafa verið rædd á hverjum einasta fundi á meðan viðræður stórvelda heimsins við Írana um kjarnorkumál landsins fóru fram.

Fjórir Bandaríkjamenn sitja í fangelsi í Íran. Blaðamaðurinn Jason Rezaian, landgönguliðinn Amir Hekmati, alríkislögreglumaðurinn Robert Levinson og kristni presturinn Saeed Abedini. Abedini hefur verið í haldi frá 2012 fyrir að leiða kristið bænahald í Íran, Rezaian hefur verið í haldi frá því í fyrra fyrir njósnir og Hekmati frá 2011 fyrir sömu sök. Levinson var hins vegar tekinn í gíslingu í Íran árið 2007. Íranska ríkisstjórnin hefur ekki viljað gefa verustað hans upp. „Það var ekki einn einasti fundur sem við héldum þar sem ég vakti ekki athygli á ríkisborgurum okkar sem eru í haldi Írana," sagði John Kerry við fréttastofu MSNBC í gær.

„Við erum mjög vongóð um að Íranar taki rétta ákvörðun og skili ríkisborgurum Bandaríkjanna aftur til síns heima," sagði Kerry enn fremur.

Fyrir viðræðurnar sagði talsmaður ríkisstjórnar Bandaríkjanna að mál fanganna yrðu ekki tengd við viðræðurnar. - þea

FRAMSAL John Kerry vill fá þá Bandaríkjamenn sem Íranar halda föngnum aftur til síns heima.
NORDICPHOTOS/AFP

REYKJARMÖKKUR Eldarnir þykja skæðari en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fjöldi fólks flýr heimili sín:

Skógareldar við mörk Aþenu

GRIKKLAND Gríðarmiklir skógareldar geisa nú á Grikklandi rétt fyrir utan Aþenu.

Ógnarstór reykjarmökkur liggur yfir nærliggjandi hlíðum og hluta borgarinnar.

Auk eldanna við Aþenu eru fleiri skógareldar á suðurhluta Pelópsskaga en fjöldi manns hefur þurft að yfirgefa heimili sín á þeim slóðum.

Skógareldar hafa áður látið á sér kræla á Grikklandi en að sögn þarlendra fjölmiðla eru þeir skæðari en vanalega. - srs

Ætlar að stórauka fylgið:

Farron leiðtogi Frjálslyndra

BRETLAND Tim Farron, þingmaður Frjálslyndra demókrata, var á fimmtudaginn kosinn formaður flokksins.

Hann tekur við formennskunni af Nick Clegg, sem gegndi jafnframt embætti varaforsætisráðherra Bretlands í síðustu ríkisstjórn.

Farrons bíður erfitt verk en Frjálslyndir demókratar guldu afhroð í þingkosningunum þann 7. maí síðastliðinn.

Hann stefnir á að fjölga félagsmönnum og stórauka fylgi flokksins í sveitarstjórnarkosningum á næsta ári. - srs

Vill afnema ívilnanir og byggja upp fyrir ferðamenn

Formaður fjárlaganefndar segir það skelfilegt ástand ef ferðamenn hægja sér í náttúrunni í stað þess að leita á snyrtingar. Hún vill afnema skattaívilnanir, leggja á komugjöld og byggja upp á ferðamannastöðum.

NÁTTÚRA „Þetta er náttúrulega skelfilegt ástand. Aldrei myndi mér detta í hug að fara til útlanda og gera eitthvað annað en að fara á snyrtinguna, ef svo ber undir. Ég skil ekki þennan kúltúr sem er að birtast okkur," segir Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, um fréttir í vikunni af umgengni ferðamanna við helstu náttúruperlur Íslands.

Í Fréttablaðinu var greint frá því í vikunni að ferðamenn hægðu sér við þjóðargrafreitinn á Þingvöllum.

Helgi Jón Davíðsson leiðsögumaður sagði við Fréttablaðið af þessu tilefni að leiðsögumenn bæðust afsökunar á ástandi mála í salernismálum í hvert sinn sem þeir færu á þessa staði.

Vigdís Hauksdóttir segir að nú þurfi menn að fara að bretta upp ermarnar. „Það er í fyrsta lagi þannig að það er bráðnauðsynlegt að fara að byggja upp þessa ferðamannastaði og leysa þessi salernisvandamál þar sem þau birtast okkur."

Vigdís kveðst vera talsmaður þess að hugað verði að því af fullri alvöru að afnema ívilnanir í ferðaþjónustunni. Þannig verði virðisaukaskattur á ferðaþjónustutengdar greinar færður í efra þrep.

„Því að þegar ákveðið var að virðisaukaskattur á ferðaþjónustu yrði í lægra þrepi var það til þess að lyfta atvinnugreininni upp og koma henni í funksjón," segir Vigdís. Nú þegar ferðaþjónustan sé orðin svipað stór í veltu og sjávarútvegurinn þurfi að hugsa málin upp á nýtt. Það þurfi því að taka strax ákvörðun um að hækka virðisaukaskattinn á ferðaþjónustu upp í efra þrep, en veita tveggja ára aðlögunartíma á gildistöku.

Á ÞINGVÖLLUM Leiðsögumenn hafa kvartað undan því að það vanti salernisaðstöðu á vinsælustu ferðamannastöðunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Þannig að verðskrár og annað haldi sér og það verði ekki forsendubrestur hjá ferðaþjónustuaðilum sjálfum," segir Vigdís. Þá segist Vigdís jafnframt vera talsmaður þess að það verði tekið upp komugjald til landsins. Og það verði að taka ákvörðun um það helst í næstu fjárlögum. Komugjaldið verði eyrnamerkt til uppbyggingar ferðamannastaða. „Ég lít jákvæðum augum á það að það skiptist að einverju leyti milli ríkisins og eitthvað falli í hlut sveitarfélaga," segir Vigdís. Hún leggur þó áherslu á að þetta séu einungis hennar eigin hugleiðingar í skattamálum.

Vigdís leggur áherslu á að búið verði að gera heildarúttekt á þörfinni fyrir uppbyggingu ferðamannastaða. Uppbyggingin verði þá markvissari. „Enda hefur umhverfisráðherra farið af stað með vinnu og það var komin úrlausn í það mál í vor áður en þingi lauk," segir Vigdís. Féð sem fari til ferðamannastaða verði best nýtt ef uppbyggingin grundvallast á slíku mati og fyrst verði farið í uppbyggingu þeirra staða þar sem þörfin er mest. jonhakon@frettabladid.is

Það er bráðnauðsynlegt að fara að byggja upp þessa ferðamannastaði og leysa þessi salernisvandamál þar sem þau birtast okkur.

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis.



VERUM VIÐ ÖLLU BÚIN

BYKO

Polo. Fyrir alla muni.

Þú FÆRÐ MEIRA FYRIR ÞANN GAMLA

UPPFÆRSLUBÓNUS
VOLKSWAGEN
+80.000 kr.

VW Polo Trend & Style:
2.690.000 kr.
Sjálfskiptur: 2.990.000 kr.

Volkswagen Polo gerir gæðamuninn.

Þegar þú hefur kynnst gæðunum, þægindunum og tækninni sem Volkswagen Polo býr yfir duga engar málamiðlanir. Komdu í reynsluakstur í dag milli kl. 12 og 16.

Staðalbúnaður í Trend & Style

- Hiti í framsætum
- Hraðastillir
- Leðurklætt aðgerðarstýri
- Litaskjár í mælaborði
- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Skyggðar rúður
- 15" Estrada Álfelgur
- Start/Stop búnaður
- Halogen aðalljós
- Bluetooth búnaður fyrir síma og afspilun
- Stöðugleikastýring
- Spólvörn
- Composition Touch útvarp m/4 hátölurum

Das Auto.

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Þýska þingið samþykkir að hefja formlegar samningaviðræður um nýja neyðaraðstoð fyrir Grikkland eftir hvatningu frá kanslara:

Merkel segir nýju neyðaraðstoðina vera síðasta séns

ÞÝSKALAND Þýska þingið samþykkti í gær að hefja formlegar viðræður um nýjan neyðaraðstoðarsamning fyrir Grikkland. Fyrr í vikunni samþykktu leiðtogar ríkja evrusvæðisins drög að nýjum samningi fyrir Grikki. Tillagan var samþykkt á þýska þinginu með gífurlegum meirihluta. Alls voru 439 þingmenn með, 119 á móti og 40 sátu hjá.

Fyrir atkvæðagreiðsluna varaði Þýskalandskanslari, Angela Merkel, þingmenn við glundroða ef þingið stæði ekki á bak við samninginn. Hún sagði samninginn erfiðan fyrir alla sem eiga hlut að máli en að hann væri síðasti séns til að leysa fjármálakreppu Grikklands. Fyrr í gærdag samþykkti austurríska þingið einnig að hefja formlegar viðræður.

Samningurinn sem um ræðir gengur út á að veita Grikkjum rúmlega áttatíu milljarða evra lán gegn því að Grikkir skeri niður í ríkisrekstri og hækki skatta. Samningurinn hefur vakið miklar deilur. Hann gengur þvert á vilja þjóðarinnar sem hafnaði sambærilegum niðurskurðarkröfum í þjóðaratkvæðagreiðslu í upphafi mánaðar.

Þar að auki hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þvertekið fyrir þátttöku í nokkurs konar neyðaraðstoð nema hún feli í sér niðurfellingu á hluta skulda Grikklands. Angela Merkel, auk annarra þjóðhöfðingja ríkja evrusvæðisins, hefur hins vegar neitað öllum slíkum hugmyndum. Mikið hefur mætt á Merkel í vikunni. Á mánudaginn sagðist hún andvíg hjónaböndum samkynja para en þó fylgjandi staðfestri sambúð. Í fyrradag grætti hún svo palestínska flóttastúlku þegar hún sagðist ekki geta komið í veg fyrir að fjölskyldu hennar yrði vísað úr landi. Stúlkan hafði áður glaðbeitt sagst vilja búa áfram í Þýskalandi með fjölskyldu sinni eins og undanfarin fjögur ár og vilja þar fara í háskóla en sagðist ekki getað verið viss um hvað framtíð hennar bæri í skauti sér þar sem áframhaldandi vist fjölskyldunnar í Þýskalandi fengist ekki tryggð. - þea

SIGUR Angela Merkel tekur niðurstöðum gærdagsins eflaust fagnandi eftir strembna viku. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Á SJÓ Starfsmenn Strandsiglinga stilltu sér upp fyrir Stefán Karlsson, ljósmyndara Fréttablaðsins, þegar hann var á ferðinni á Hornströndum á dögunum.

Ágætur gangur í farþegasiglingum á Ströndum:

Færa svöngum mat

FERÐAÞJÓNUSTA Strandferðir hafa stundað veiðar á Ströndunum um nokkurra ára bil. Þeir ákváðu síðan að færa út kvíarnar og bjóða upp á farþegasiglingar á svæðinu. Þeir hófu siglingarnar 19. júní.

Jón Geir Ásgeirsson, hjá Strandferðum, segir að farþegasiglingarnar hafi gengið mjög vel miðað við veður. Hann segir að bátarnir þjónusti margt göngufólk. „Við erum að sækja það mikið í Reykjarfjörðinn og svo í Látravíkina," segir Jón Geir. Að auki sé verið að færa göngufólkinu matarpakka.

Strandferðir voru í veiðum áður og Jón Geir segir að þeir verði áfram með annan bát í því. Nýi báturinn, sem heitir Salómon Sig, verði þó einnig útbúinn þannig að hægt verði að nýta hann til veiða.

„Það er ekkert að ske hérna í maí og júní og svo byrjar traffíkin," segir Jón Geir. Það sé því ágætt að geta notað bátinn í veiðar á vorin. - jhh

ellingsen.is

Gríptu tækifærið - gæðavörur á ótrúlegu verði!

SUMAR-MARKAÐUR

ELLINGSEN

20-70%
AFSLÁTTUR
af öllum vörum

COLUMBIA JAKKI POURING HYPER
10.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 22.990 KR.

COLEMAN SILVERTON 150 SVEFNPOKI
10.392 KR.
VERÐ ÁÐUR 12.990 KR.

KÆLIBOX 30% afsláttur

CAMPINGAZ KÆLIBOX
7.973 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.390 KR.

DIDRIKSONS REGNGALLAR 80-130
6.995 KR.
VERÐ ÁÐUR 8.990 KR.

ZAMBERLAN NEW TRAIL
22.813 KR.
VERÐ ÁÐUR 32.590 KR.

– 50% –

COLUMBIA BUGA SETT
Úlpa og buxur
9.895 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.790 KR.

COLUMBIA DRAINMAKER
9.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 18.990 KR.

WRANGLER 30% afsláttur

WRANGLER TEXAS STRETCH GALLABUXUR
13.592 KR.
VERÐ ÁÐUR 16.990 KR.

SCARPA MOJITO GÖNGUSKÓR
19.752 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.690 KR.

70% afsláttur CAMPINGAZ grilláhöld

– 70% –

CAMPINGAZ BONESCO QST L KOLAGRILL
11.841 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.490 KR.

– Frábært verð! –

COLUMBIA PASSO GÖNGUBUXUR
9.895 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.790 KR.

CONWAY GÖNGUSKÓR
11.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 17.790 KR.

DIDRIKSONS AVON REGNSETT
6.993 KR.
VERÐ ÁÐUR 9.990 KR.

GÚMMÍSKÓR + VARMA ULLAR-SOKKAR
4.800 KR.
VERÐ ÁÐUR 7.390 KR.

– 30% –

COLEMAN BERING 6
6 manna tjald
48.993 KR.
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.

COLEMAN TASMAN 2
2ja manna tjald
20.993 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.

PIPAR\TBWA • SÍA

LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR
Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK	AKUREYRI	OPNUNARTÍMI
Fiskislóð 1 Sími 580 8500	Tryggvabraut 1-3 Sími 460 3630	Mán.-fös. 10-18 Lau. 10-16

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Costco ætlar að ráða 160 starfsmenn á Íslandi til að byrja með en vonast til að þeir verði orðnir 250 að þremur árum liðnum:

Costco byrjar að ráða starfsmenn í upphafi næsta árs

VIÐSKIPTI Bandaríska verslunarkeðjan Costo skrifaði í gær undir samning um kaup á húsnæði við Kauptún í Garðabæ. Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að búist sé við því að verslunin verði opnuð sumarið 2016. Seljandi er félagið Sýsla, sem er í eigu bræðranna Sigurðar Gísla Pálmasonar og Jóns Pálmasonar.

Að lokinni undirskrift fóru fulltrúar Costco hér á landi að Kauptúni til þess að skoða húsakynnin betur. Steve Pappas, svæðisstjóri Costco í Bretlandi og á Íslandi, er hér í sinni fimmtu ferð til landsins í tengslum við komu fyrirtækisins. Hann sagðist í samtali við Fréttablaðið vera mjög spenntur fyrir því að opna á Íslandi. Í tilkynningu sem Costco sendi frá sér í gær kom fram að ráðnir verða 160 starfsmenn héðan en stefnan er að þeir verði orðnir 250 eftir þrjú ár, þegar reynsla er komin á reksturinn. „Við væntum þess að byrja ráðningarferlið snemma á næsta ári," segir Pappas í tilkynningunni.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Pappas við Kauptúnið í gær sagði hann engin áform vera uppi um það að hefja rekstur á öðrum stöðum en í Kauptúninu í Garðabæ. Þannig verður Costco frábrugðin öðrum lágverðsmatvöruverslunum eins og Bónus, Krónunni eða Nettó, sem allar eru í íbúðahverfum. Pappas segir að Costco muni keppa við aðrar verslanir um verð og vöruúrvalið verði mikið. „Við erum meira en matvöruverslun," segir Pappas. Auk þess að bjóða upp á matvöru verður boðið upp á raftæki, bílavarahluti, dekk, húsgögn og fleira. Að auki er stefnt á að opnuð verði bensínstöð fyrir framan verslunina.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, segir ágætt að fá öflugt fyrirtæki í bæinn og að vonandi geti Costco rekið sína verslun með sóma og borgað góð laun. „En fyrst og fremst er þetta ávinningur, vonandi, fyrir neytendur á Íslandi að fá lægra vöruverð og meira úrval," segir Gunnar. Hann segir að Costco hafi áform um að stækka húsið örlítið í norður um tvö þúsund fermetra. - jhh

GUNNAR OG PAPPAS Costco hefur áform um að ráðast í framkvæmdir og stækka húsnæðið um 2.000 fermetra. Þeir Gunnar Einarsson og Steve Pappas skoðuðu sig um í Kauptúni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

NORÐURLÖND

Sektaðir eftir ísbjarnarárás

1 NOREGUR Fararstjóri hóps tékkneskra ferðamanna hefur verið sektaður um tíu þúsund norskar krónur eftir að ísbjörn réðst á hóp þeirra á Svalbarða þann 19. mars síðastliðinn.

Ferðamennirnir voru á Svalbarða til að verða vitni að sólmyrkvanum sem varð 19. mars þegar ísbjörn réðist á tjaldbúðir þeirra um miðja nótt.

Einn ferðamannanna vaknaði við það að björninn stóð yfir honum en ferðafélagi hans vaknaði við það og skaut á björninn með skammbyssu. Björninn flúði tjaldbúðirnar en var síðar skotinn af atvinnuveiðimönnum.

Umhverfislöggjöf á Svalbarða kveður á um að ferðamenn og heimafólk verði að hafa næga þekkingu á því hvernig eigi að bregðast við slíkar aðstæður en norsk yfirvöld telja að viðbrögðin hafi verið röng og því hafi sektin komið til. - srs

Brutu Genfarsáttmálann

2 DANMÖRK Danska dagblaðið Politiken greindi frá því á fimmtudaginn að danski herinn hefði farið á skjön við þætti úr Genfarsáttmálanum með slæmri meðferð sinni á stríðsföngum í Írak.

Rannsóknarnefnd danskra stjórnvalda um hernaðinn í Írak varpaði ljósi á málið í skýrslu sem Politiken komst yfir.

Samkvæmt skýrslunni framseldi danski herinn tólf íraska fanga til heimamanna árið 2004 þrátt fyrir fyrirmæli um að gera það ekki. Grunur lék á að fangarnir myndu hljóta dauðarefsingu í meðferð nýrra íraskra stjórnvalda en Genfarsáttmálinn bannar dauðarefsingar stríðsfanga.

Alls voru um 500 stríðsfangar í haldi danska hersins á meðan á stríðinu stóð, en herinn hélt engar skrár um fangana, enda einungis 43 fangar skráðir af þeim 500 sem voru í haldi. - srs

Vilja tryggja rétt Sama

3 FINNLAND Sex hagsmunasamtök Sama í Finnlandi hafa sent ríkisstjórninni áskorun þess efnis að áherslur Samaþingsins verði teknar inn í áherslur nýrrar ríkisstjórnar í Finnlandi.

Pentti Pieski, formaður einna samtakanna, segir að áskoruninni hafi verið tekið vel af þingmönnum í Finnlandi og ráðamönnum.

Markmið áskorunarinnar er að vekja fólk í Finnlandi til umhugsunar um réttindi og veruleika Sama sem bæði búa í finnskum borgum og í Lapplandi. Auk þess er vonast til að áskorunin efli tengsl Samaþingsins og finnska þingsins í Helsinki.

Pieski segir fjölda Sama búa í finnskum borgum en réttindi þeirra eru ekki tryggð með sama hætti og þeirra sem búa í Norður-Finnlandi og við heimskautabaug.

Finnska stjórnarskráin gerir grein fyrir því að Samar hafi rétt til að upplifa menningarlega arfleifð sína en Pieski segir að réttindi Sama í Suður-Finnlandi séu ekki jöfn réttindum Norður-Sama. - srs

Gagnvirkar orkusýningar Landsvirkjunar í Búrfelli og Kröflu varpa ljósi á orkuna sem býr í öllum hlutum.

Landsvirkjun vinnur rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum; vatnsafli, jarðvarma og vindi.

Líttu við í sumar.

Opið 10–17 alla daga til 30. ágúst.
Leiðarlýsingar á landsvirkjun.is/heimsoknir

Áttavillt og umdeilt Ríkisútvarp

BBC hefur löngum þótt fyrirmynd annarra ríkismiðla. Í vikunni birtu bresk yfirvöld opinbera skýrslu um starfsemi BBC. Þótti skýrsluhöfundum sjálf fyrirmyndin hafa misst sjónar á kjarnahlutverki sínu. Hún ætti að starfa í almannaþágu en ekki hafa vinsældir og áhorfstölur að leiðarljósi.

Fleiri ríkismiðlar hafa villst af braut. Þar má nefna Ríkisútvarp okkar Íslendinga – rekið fyrir almannafé. Hlutverk Ríkisútvarpsins hefur verið afmarkað. Það skal bjóða fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu – stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni. Því ber að leggja rækt við íslenska tungu og varðveita menningararfinn.

Hið afmarkaða hlutverk Ríkisútvarpsins aðskilur það frá einkareknum miðlum. Rekstrarfé úr sjóðum almennings undirstrikar þann aðskilnað. Ríkisútvarpinu er ekki ætlað að vera í samkeppni. Því er ekki ætlað að leggja stein í götu einkarekinna miðla. Því er ætlað afmarkað hlutverk í almannaþágu – hlutverk sem miðillinn vanrækir, afvegaleiddur af viðskiptasjónarmiðum.

Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Ríkisútvarpinu ber að tryggja jafnan hlut kynjanna í dagskrá sinni. Það var því bagalegt hvernig farið var með sjónvarpsrétt að heimsmeistaramóti kvenna í knattspyrnu á dögunum. Fékk mótið litla fyrirferð þrátt fyrir mikinn áhuga á kvennaknattspyrnu hérlendis. Þrátt fyrir aukna meðvitund og sterka kvennaslagsíðu í samfélaginu. Starfsmenn Ríkisútvarpsins leituðu skjóls í rökleysu á borð við undirmönnun, áhugaleysi og kostun. Það leyndist þó engum – forgangsröðun ríkismiðilsins var skýr. Kvennaíþróttir víkja fyrir karlaíþróttum.

Ríkisútvarpið brást hlutverki sínu. Það brást kvennaboltanum. Það brást þeim fjölda Íslendinga – af báðum kynjum – sem áhuga hafa á íþróttinni. Það er flestum ljóst að breyta þarf kreddukenndum hugmyndum um hlutverk kynjanna og þeim viðhorfum sem ríkja til kvennaíþrótta. Þeirri vegferð ætti Ríkisútvarpið að veita leiðsögu – enda hver betur til þess fallinn en ríkismiðill kostaður af almannafé?

Hlutverk Ríkisútvarpsins hefur löngum verið umdeilt. Mörgum þykir miðillinn færa sig nær samkeppnisrekstri. Þannig raski hann viðskiptaumhverfi og skapi óréttlát skilyrði á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Ríkismiðill rekinn fyrir almannafé eigi ekki að keppa á auglýsingamarkaði. Hann eigi ekki að stjórnast af vinsældum og áhorfsmælingum, sem einkamiðlar þurfa alltaf að hafa til hliðsjónar.

Taka verður undir þessi sjónarmið. Samkeppnisrekstur rímar illa við skilgreint hlutverk ríkismiðla. Viðskiptalegar áherslur geta skaðað meginstarfsemi og dagskrárval Ríkisútvarpsins. Slíkar áherslur höfðu skaðleg áhrif á heimsmeistaramót kvenna í knattspyrnu og þær hafa áhrif víðar. Þar er í mörg horn að líta. Á upplýsingaöld þegar almenningur treystir á veraldarvefinn er netfréttaþjónusta miðilsins neyðarleg. Einkamiðlar skara fram úr Ríkisútvarpinu í framleiðslu á innlendu sjónvarpsefni og menningarhlutverkinu er illa sinnt.

Ríkisútvarpið virðist áttavillt. Þrátt fyrir afmarkað hlutverk hefur það flækst inn á umráðasvæði einkamiðla og látið samkeppnissjónarmið ráða rekstrinum. Eðlilegt jafnvægi þarf að ríkja á fjölmiðlamarkaði svo sjálfstætt starfandi fjölmiðlar geti keppt við réttlát skilyrði. Það er mikilvægt að ríkismiðill rekinn fyrir almannafé skapi ekki torfæru í viðskiptaumhverfi einkamiðla. Ríkisútvarpið þarf að rifja upp sérstöðu sína og hlutverk sitt í almannaþágu. Þar mega vinsældakosningar ekki ráða för.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

GUNNAR

MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

Heimspeki er lífsstíll

Ég hef lengi verið unnandi góðrar heimspeki. Sem ungur maður varð ég fyrir miklum áhrifum frá taóisma í gegnum Bókina um veginn eftir Lao Tse. Ég held að engin bók hafi haft jafnmikil áhrif á mig, líf mitt og karakter og hún. Og eins og með svo margar bækur þá liggur sá galdur ekki bara í orðanna hljóðan heldur frekar í einhverri dularfullri og ljóðrænni tilfinningu, sem lesandinn tengir við handan textans. Og ég held að það sé þessi tilfinning sem knýr mig til að lesa. Ég er að leita að þessu sífellt þegar ég les. Ég hef tekið syrpur í lestri í gegnum árin. Sem krakki las ég Þórberg. Ég var heillaður af Ofvitanum og las því allt hitt. Þegar ég var ungur fannst mér ég þurfa að lesa allar hinar svokölluðu heimsbókmenntir. Þá staulaðist ég í gegnum Tolstoj

og Dostojefskí. Svo eins og margir Íslendingar las ég helstu rit Halldórs Laxness. Ég tók nokkur ár í að lesa það sem ungir menn þurftu að lesa til að geta talist hipp og kúl og vel lesnir. Það voru mikið bækur eftir drykkfellda Ameríkana og evrópska tilvistarkrypplinga. Svo kom suðuramerískа tímabilið. Þá las ég allt sem ég fann eftir Gabríel García Marques, Isabellu Allende, Miguel Asturias og fleiri. Inn á milli slæddust svo ýmsir enskir og skandinavískir höfundar. Oft var þetta ekki með ráðum gert heldur slysaðist ég óvart inn á einhverja braut vegna einhverra utanaðkomandi áhrifa. Vinir mínir voru ötulir við að gauka að mér bókum „sem ég yrði að lesa“ og stundum las ég bara það sem hendi var næst. Mér hefur jafnvel oft fundist bækurnar frekar velja mig en ég þær, eins skrítið og það kann að hljóma. Framan af las ég aðallega skáldsögur. Ég tók syrpu í ljóðabókum og las líka fjöldann allan af leikritum. Ég hellti mér líka út í lestur sjálfshjálparbóka á tímabili. Það var einhver tíska hér á landi og það gerðist einmitt á krítískum tíma í mínu eigin lífi. Það leiddi mig svo út í lestur alls konar andlegra fræða og trúarbragða og varð seinna til þess að ég ákvað að gerast kristinn og las þá Biblíuna, Tomás de Kempis og Thomas Merton og allt annað sem ég náði mér í. Svo kom hjá mér langt reyfaratímabil. Þá grúfði ég mig yfir James Ellroy, Dashiell Hammett, Sjöwall og Wahlö, P.D. James og fleiri.

Minna Móse, meira Spinósa

Framan af ævinni var bókaúrvalið nokkuð bundið af þýðingum, ég las helst það sem kom út á íslensku en með batnandi enskukunnáttu fór ég að lesa fleiri bækur á ensku. Síðustu tíu árin hef ég aðallega lesið enskar bækur. Ég hef aðallega lesið fræðibækur um vísindi og heimspeki. Eftir að ég byrjaði að lesa heimspeki þá varð ég soldið hissa á sjálfum mér að hafa ekki byrjað á þessu fyrr. Ég held að ástæðan fyrir því hve fá heimspekirit hefur rekið á fjörur mínar sé fyrst og fremst skortur á framboði. Það hefur merkilega lítið verið þýtt og það sem til er reynist oft erfitt að nálgast. Hlutur heimspeki er grátlega lítill í almennri uppfræðslu ungmenna.

Það eru fáar bækur um heimspeki fyrir börn og unglinga og það litla sem hefur komið út er yfirleitt ófáanlegt. Á meðan er offramboð af kristilegum bókmenntum fyrir sama aldurshóp og er það aðallega íslenska ríkið sem stendur fyrir þeirri útgáfu. Ólíkt heimspeki þá er kristin trú ekki mikið að velta fyrir sér hugleiðingum um raunveruleikann og eðli tilverunnar heldur meira að fullyrða og alhæfa um hluti sem enginn veit með vissu. Það væri vel hægt að gefa út barnabók með titlinum „Guð er til og hann elskar þig“. En það er ólíklegt að bókin „Guð er ekki til og ef hann er til þá er hann ekkert að pæla í þér“ verði gefin út á næstunni.

Wittgenstein var á undan Jesú til Íslands

Lestur heimspeki og umræður um hana virðist því miður bundinn við ákveðnar kreðsur. Það er ólíklegt að heimspekirit reki á fjörur ungs fólks nema það skrái sig sérstaklega í einhvern kúrs eða beinlínis læri heimspeki. Mér finnst það ömurlegt. Ég vildi óska að ég hefði uppgötvað Friedrich Nietzsche þegar ég var yngri. Mér finnst að allir Íslendingar sem vilja telja sig hipp og kúl og vel lesna eigi að þekkja Bertrand Russell og Saga vestrænnar heimspeki ætti að vera í skinnbandi á hverju heimili. Okkur vantar hreinlega meira af heimspeki í allt samfélagið. Það mundi bæta mjög mikið hér. Ég held að ástæðan fyrir því hvað við Íslendingar eigum mikið af stórkostlegum rithöfundum en fáa og jafnvel enga frambærilega heimspekinga, sé kannski sú að það hafi kannski aldrei verið nein sérstök stemning fyrir raunveruleikanum hér á landi. Jesú kom aldrei til Íslands og sýndi þessu landi engan áhuga. En Ludvig Wittgenstein var hér! Ég legg því til að það verði gert þjóðarátak í meðvitund og uppfræðslu heimspeki á Íslandi. Heimspeki sem lífsstíl!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

WWW.NISSAN.IS

NISSAN

Innovation that excites

NÝR NISSAN X-TRAIL

STÓRI BRÓÐIR NISSAN QASHQAI

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX

TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPARNIR

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.

360° MYNDAVÉLATÆKNI



NISSAN CONNECT

ÖRYGGISHJÚPUR

NISSAN HEFUR TEKIÐ FORSKOT

Nýju sportjepparnir frá Nissan hafa tekið forskot - því viðskiptavinir standast ekki glæsilegt útlit, ríkulegan búnað og hagstætt verð.

Við bjóðum ykkur velkomin að sjá og reynsluaka Nissan X-Trail og kynnast af eigin raun yfirburðum nýju sportjeppanna frá Nissan.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

NISSAN X-TRAIL

ACENTA, SJSK., DÍSIL
Framhjóladrifinn

Verð: 5.490.000 kr.

Eyðsla 5,1 l /100 km*

NISSAN X-TRAIL

ACENTA, BSK., DÍSIL
Fjórhjóladrifinn

Verð: 5.890.000 kr.

Eyðsla 5,3 l /100 km*

ACENTA 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls símabúnaður Bluetooth
Nissan Connect kerfi: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

ENNEMM / SÍA / NM68133 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

SKOVBY
Komdu og litastu um í nýjum og stórglæsilegum Skovby sýningarsal okkar á 3. hæð.

PASADENA
Borðstofuborð, 6–12 manna, spón lagt með olíuborinni villtri eik.
Stærð: 100 × 200/300 × 74 cm

289.990 kr.
~~339.990 kr.~~

ASTRO
Þessi hefur verið ófáanlegur í 30 ár. Olíuborin eik á viðarlöppum. Fæst í fjórum litum. Grár, appelsínugulur, rauður og dökkgrár. Náðu honum!
Stærð: 77 × 73 × 82 cm

49.990 kr. ~~59.990 kr.~~

MARIBOWL
Vatnsgræn, græn og skógargræn.
Stærð: 15,5 cm

5.190 kr. ~~6.390 kr.~~

iittala

TWIST
Nýr af nálinni, en er þó gamall í anda. Fáanlegur ljósblár, appelsínugulur, grár og dökkgrár. Gegnheil eikargrind og lappir.
Stærð: 84 × 90 × 94 cm

Stóll
59.990 kr. ~~69.990 kr.~~

Skemill
24.990 kr. ~~29.990 kr.~~

CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 308 × 140/203 × 81 cm

159.990 kr. ~~189.990 kr.~~

ANDREW
Sterkbyggðir stólar fyrir eldhúsið eða borðstofuna. Fást í bundnu leðri, svörtu, hvítu eða brúnu.

13.990 kr. ~~19.990 kr.~~

ALEXA
Vandaður borðstofustóll. Ekta leður, svart með ljósum saumum, hvítt eða brúnt.

27.990 kr. ~~34.990 kr.~~

DEVON
Tungusvefnsófi. Geymsla undir tungu.
Stærð: 241 x 160 x 86 cm

159.990 kr. ~~199.990 kr.~~

Reykjavík
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is
558 1100

CLEVELAND
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga.
Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 231 × 140 × 81 cm

99.990 kr. ~~119.990 kr.~~

Vertu eins og heima hjá þér

Skoðaðu úrvalið í blaðinu okkar

DEVON
Einfaldur og traustur svefnsófi.
Stærð: 151 x 86 x 82 cm

109.990 kr.
~~139.990 kr.~~

CLEVELAND
Þriggja sæta sófi, ljóst eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 208 x 86 x 81 cm

74.990 kr. ~~89.990 kr.~~

CLEVELAND
Tveggja sæta sófi, ljóst eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 180 x 86 x 81 cm

64.990 kr. ~~79.990 kr.~~

Nýtt blað er komið í dreifingu

HÚSGAGNA HÖLLIN

HELGIN

Salóme R. Gunnarsdóttir
leikkona

Hefur það gott í London

Ég verð í London og hef ekki hugmynd hvað ég ætla að gera, en mig grunar nú að það verði ekki mikið mál að finna gott leikhús, gott fólk og góðan mat að borða. Uppástungur eru vel þegnar með hugskeyti.

Unnur Eggertsdóttir
söng- og leikkona

Fer í brúðkaup

Ég er að fara í brúðkaup í dag hjá frænda mínum og ekki nóg með það, þá er ég líka að fara að syngja í kirkjunni. Þetta verður mjög mikil snilld.

Svanhildur Gréta Kristjánsdóttir
ritstjóri Blævar

Grillar með vinum

Ég ætla í grillpartí með vinum mínum og skreppa í Stykkishólm til ömmu. Gera sem flest til þess að gleyma því að ég er ekki á LungA.

Júlí Heiðar Halldórsson
leikari

Garðpartí aldarinnar

Ég er að fara í garðpartí aldarinnar hjá tilvonandi bekkjarfélaga mínum í Listaháskólanum. Svo verð ég örugglega að vinna á kaffihúsinu Hendur í Höfn í Þorlákshöfn.

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...

FARÐU á KRÁS Götumarkaðinn í Fógetagarði sem verður í blússandi stuði á laugardag frá klukkan 13.00 til 18.00.

LESTU Allt á hreinu eftir þrifasnillinginn Margréti D. Sigfúsdóttur og segðu þessum sólbökuðu rykmaurum að hypja sig.

HLUSTAÐU Á The Wolves Are Whispering, spánnýja afurð Bang Gang.

HORFÐU Á Litlu gulu hænuna sem Leikhópurinn Lotta setur upp við bláu kirkjuna á Seyðisfirði á sunnudaginn.

Á GAMLA MÁTANN Það verður margt við að vera á Árbæjarsafni á morgun og gestir geta meðal annars spreytt sig á skyrgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRIMARINÓ

Gera skyr og strokka smjör

Á morgun verður nóg um að vera á Árbæjarsafni en þar munu gestir safnsins eiga kost á að fá innsýn inn í hin ýmsu störf og geta meðal annars virt fyrir sér eldsmið að störfum og spreytt sig í skyr- og smjörgerð.

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is

Það verður nóg um að vera á Árbæjarsafni á morgun á viðburðinum Mjólk í mat og ull í fat, en þar mun gestum safnsins verða veitt innsýn inn í horfinn heim og jafnframt gefast kostur á að taka virkan þátt í hinum ýmsu störfum.

„Við ætlum að gera skyr og strokka smjör og leyfa gestunum að spreyta sig á því. Svo verður kona uppi á baðstofulofti sem verður að spinna, eldsmiður í eldsmiðjunni og teymt undir krökkum," segir Sigurlaugur Ingólfsson, verkefnastjóri Árbæjarsafns, glaður í bragði en að auki verða ýmsar aðrar uppákomur.

Viðburðurinn er haldinn árlega og hentar allri fjölskyldunni. „Þemað er sem sagt Mjólk í mat og ull í fat, sem var svona viðkvæði áður fyrr, að til þess að vera fullgild eiginkona þurftir þú að kunna að koma ull í fat og mjólk í mat og við erum svona að upphefja þennan hluta af heimilisstörfunum," segir hann.

Að sögn Sigurlaugs tekur allt að 40-50 mínútur að strokka smjör og segir hann að börnunum finnist gaman að fylgjast með smjörgerðinni og ekki síður að fá að spreyta sig. „Það fær þau kannski til að hugsa um hvernig þetta var gert í gamla daga. Vörurnar voru ekki til í ísskápunum, enda enginn ísskápur til."

Það verður nóg við að vera á safninu á morgun því auk sérstakrar dagskrár verða mjaltir venju samkvæmt, kassabílar, leikfangasýning og messa í kirkju Árbæjarsafns klukkan 14.00 þar sem Kristinn Ágúst Friðfinnsson predikar og að venju verður heitt á könnunni í Dillonshúsi.

Safnið verður opnað klukkan 10.00 á morgun og stendur dagskráin fram eftir degi. Inn á safnið kostar 1.400 krónur fyrir fullorðna, en aðgangur er ókeypis fyrir börn undir 18 ára aldri, eldri borgara yfir sjötugu og öryrkja.

Hvítt súkkulaði og karamellukurl í kökur

Uppskrift að dásamlegum kökum sem Lilja Katrín Gunnarsdóttir, á www.blaka.is, á heiðurinn af.

- 225g mjúkt smjör
- 1 bolli púðursykur
- ¼ bolli sykur
- 1 tsk. vanilludropar
- 2 egg
- 2½ bolli Kornax-hveiti
- 1 tsk. matarsódi
- ¼ tsk. salt
- 1 bolli karamellukurl
- 1 bolli grófsaxað hvítt súkkulaði

Hitið ofninn í 190°C og setjið bökunarpappír á ofnskúffur.

Blandið smjöri, púðursykri og sykri mjög vel saman. Bætið því næst vanilludropunum út í.

Blandið eggjunum saman við, einu í einu.

Blandið hveiti, matarsóda og salti saman í skál. Blandið þeirri blöndu síðan varlega saman við smjörblönduna.

Að lokum er karamellukurli og hvítu súkkulaði blandað saman með sleif.

Gerið litlar kúlur úr deiginu og raðið á ofnskúffurnar með fínu millibili. Bakið í akkúrat 10 mínútur, þó að kökurnar virðist vera of lítið bakaðar – þær eiga að vera svona.

AÐEINS 10 MÍNÚTUR Í OFNI Ekki örvænta þótt kökurnar virðist of lítið bakaðar - þær eiga að vera svona.

ÚTIMÁLNING
og allt til viðhalds eigna

Á MÚRBÚÐARVERÐI

Maston Hammer Spray 400ml
1.195

Maston Hammer 750ml
2.395

Maston Hammer 250ml
1.095

Elite þakbursti 22cm
4.595

Þakmálning 10 lítrar
12.695

DEKAPRO útimálning, 10 lítrar
7.490

Mako Viðarvarnar-pensill, 50mm
295

Truper vírbursti m/sköfu
435

Scala Steypugrunnur Betoprime glær.
1 líter
895

Drive málaramotta 10m²
1.590

Oden Grunnolía 1 líter
1.295

Oden útigrunnur á tré, 1 líter
1.595

Oden þekjandi viðarvörn 1 líter, A stofn
2.095

Bio Kleen pallahreinsir
895
5 lítrar kr. **3.295**

Bíla & gluggaþvotta-kústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
2.690

DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar
6.590
1 líter kr. **1.790**

ODEN EÐAL OLÍA á palla. Hágæða Silikonalkyd efni. 2,7 l.
4.390

Landora tréolía Col-51903 3 l.
2.690

Meister fúgubursti með krók #4360430
2.590 (með auka vírbursta)

Mako penslasett
595

Weber Milligróf múrblanda 25 kg
1.890

Weber Rep 980 5kg
1.650

Deka Hrað 5 kg
1.770

MIKIÐ ÚRVAL AF STIGUM OG TRÖPPUM

LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
17.990

Lavor Vertico 20 Háþrýstidæla
140 Max Bar
450 lítrar/klst
1900W
9 kg
19.990

Proflex Nitril vinnuhanskar
375

MAR16266
395

Steypugljái á stéttina – þessi sem endist

Dicht-Fix þéttiefni 750ml
1.995

Malartvatt Paint Wash
1.195

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Huldufólk og steyptar sálir

Verk Steinunnar Þórarinsdóttur myndhöggvara fara víða og eru mörgum kunn. Um þessar mundir eru í gangi þrjár sýningar á verkum hennar í jafn mörgum erlendum borgum svo það er í mörgu að snúast hjá Steinunni sem nýtur þess að vinna.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

MYNDHÖGGVARI Steinunni Þórarinsdóttur finnst frábært þegar fólk er í sambandi við verk hennar þó svo að því geti líka fylgt hausverkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

„Þar sem ég fékk 20. öldina á námstímanum í Englandi og klassíkina á Ítalíu held ég að verkin mín takist á í nútímanum og fortíðinni," segir Steinunn Þórarinsdóttir myndhöggvari, sem er um þessar mundir með þrjár sýningar í gangi í erlendum borgum. Í Bandaríkjunum eru á ferðinni tvær sýningar og í vor var opnuð sýningin Places sem nær yfir alla Kaupmannahöfn.

Fígúratífir skúlptúrar Steinunnar eru mörgum kunnir, enda ratar stór hluti verka hennar í almannarými þar sem listin kemur til fólksins. Viðbrögðin hafa heldur ekki látið á sér standa því fjöldi manns um allan heim tengir við óræðu manneskjurnar hennar Steinunnar sem verða til á vinnustofunni við Sólvallagötuna.

Myndheimur er ævistarf

„Mín verk hafa alltaf verið fígúratíf. Það hefur kannski eitthvað að gera með hvernig menntun mín er. En skúlptúrinn, og þau efni sem ég er að vinna með, hefur löngum þótt karllægt element. Ég man t.d. að galleristinn minn í Bandaríkjunum, Scott White, sagði mér eitt sinn að allir héldu að þetta væru verk eftir karlmann. Skúlptúrinn var lengi mikið karlasvæði og þegar ég kom heim eftir nám um 1980 þá voru bara um fimmtán manns í Myndhöggvarafélaginu og þar af örfáar konur en þetta hefur breyst mikið.

Ég hef aldrei horft á þetta sem eitthvað karlasvæði. Ég hef bara alltaf verið fókuseruð á skúlptúr því um leið og ég byrjaði að vinna þrívítt þá féll ég fyrir því. Ég byrjaði á því að vinna í leir þegar ég var í námi af því hann er lífrænn og náttúrulegur og ég gat notað áferðina til að tengja verkin Íslandi. En stærðin var mjög takmarkandi og það hentaði mér ekki því ég vildi vinna í líkamsstærð og því leitaði ég annarra leiða. En fyrstu árin fóru svona mest í að kynnast öllu; efnum, tækni og möguleikum og átta sig á eigin myndheimi sem tekur í sjálfu sér alla ævi."

Augnablik hlutleysis

„Mín verk hafa löngum verið kynlaus – meira svona eins og ímynd mannsins fremur en ákveðinn maður. Það koma reyndar einstaka verk inn á milli sem eru ekki kynlaus, en allt frá því að ég var í námi þá varð þessi hugmynd um manneskjuna sem slíka viðfangið. Líkaminn er nánast aukaatriði, því þetta er ekki raunsæisverk, heldur meira eins og rammi utan um það sem ég er að gera. Það má kannski segja að ég sé fremur að fást við að steypa mannlegar tilfinningar og sálir. Í raun er líkaminn í verkum mínum eins og strigi málarans.

Með því að kynbinda verkið kemur einhver sögn sem á kannski ekki endilega að vera þarna – það lokar merkingunni og ég hef kosið að halda þeim frekar hlutlausum. Ég vil að verkin hvísli að fólki fremur en að þau æpi. Ég hef stundum sagt að þau séu stödd í augnablikinu rétt áður eða rétt eftir að eitthvað gerist. Augnablik hlutleysis þar sem maður er að reyna að átta sig pínulítið á því hvað er í gangi. Lífið er jú ráðgáta," segir Steinunn og hlær.

Huldufólk Steinunnar

Þrátt fyrir þessa kyrrð eru verk Steinunnar engu að síður í ákveðinni samræðu sín á milli sem og við umhverfi sitt. „Já, ég held að verkin séu nátengd einhvers konar íhugunarástandi, aðeins til hliðar við raunveruleikann. En ég bý líka oft til verk þar sem meira en ein manneskja kemur fyrir og þegar maður tengir saman tvær manneskjur fer af stað allt önnur dýnamík. Það getur stundum styrkt grunnhugmyndina að tengja saman tvær manneskjur og svo með þeirri þriðju gerist eitthvað allt annað.

Lokaverkefnið mitt í náminu í Bretlandi fjallaði um huldar verur, huldufólk. Þeir héldu náttúrulega að ég væri orðin alveg snar, en nálgunin var að tengja þennan íslenska veruleika mínum eigin verkum. Hugmyndin um huldufólkið snýst ekki síst um það að þú sérð það ekki nema að þú staldrir við og gefir þér tíma. Það sama gildir um verk mín. Það að sýna verkin í opinberu rými á götum og torgum úti er gefandi og krefjandi í senn – því samskipti fólks eru svo bein við verkin. Vegna þess að þau eru í líkamsstærð geturðu faðmað þau, staðið hjá þeim og stokkið upp á þau en um leið þarftu að staldra við til þess að taka þau inn.

Mér finnst frábært þegar fólk er í sambandi við verkin mín en um leið getur ýmislegt gerst. Þeim er jafnvel stolið!" segir Steinunn og skellihlær. „Þessi samskipti við almenning og um leið núningur finnst mér frábær en hann getur líka verið dálítill hausverkur. Að koma með listina til fólks í almannarými er allt annað en að sýna innan hvítra veggja sýningarsalanna."

> **Hugmyndin um huldufólkið snýst ekki síst um það að þú sérð það ekki nema að þú staldrir við og gefir þér tíma.**

> **Stundum gerir maður verk án þess að vita af hverju og það finnst mér gefa verkunum heilmikið frelsi sem skiptir miklu máli.**

Kardemommubærinn

Steinunn segir að viðtökurnar séu nánast eins ólíkar og staðirnir eru margir. „Sýningin í Kaupmannahöfn er búin að vera einstök reynsla vegna þess að verkin eru staðsett vítt og breitt um borgina. Fyrsta verkið tekur á móti þér á Kaupmannahafnarflugvelli og síðan geturðu gengið um alla borgina og skoðað sýninguna.

En það var ótrúlega gaman hvað Kaupmannahafnarborg var áhuga-



LJÓSMYNDIR HISHAM AMMAR

➜ Verk á sýningunni Places/ Staðir í Kaupmannahöfn. Frá vinstri til hægri: Echo I og II / Bergmál I og II. Intermission I og II / Hlé I og II. Magma II / Kvika II. Gravity/ Aðdráttarafl.

söm um að vinna þetta með okkur Galleri Christoffer Egelund og sýningin gengur vel og hefur vakið mikla athygli. Þetta er fyrsta sýning mín sem er dreifð um heila borg og var því ekki einföld í framkvæmd. Þetta var ansi flókið. En það hjálpaði til að fjölmargir aðilar studdu okkur, meðal annarra Norðuratlantsbryggja, íslenska sendiráðið í Kaupmannahöfn, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Höfuðborgarstofa, Icelandair, Eimskip og stjórnvöld hér heima.

Þetta hefur því verið frábær reynsla fyrir utan það þegar einu verkanna var stolið, en ég er nú orðin vön því. Það var eiginlega eins og sena úr Kardemommubænum með Kasper, Jesper og Jónatan en síðan vildi svo furðulega til að íslensk kona náði að taka myndir af þjófunum á Strikinu við verknaðinn um miðja nótt. Það varð til þess að vel fór að lokum.“

Frelsið í hinu óræða

Þrátt fyrir að sýna einkum í útlöndum upplifir Steinunn sig að sjálfsögðu sem íslenskan myndlistarmann. „En það er líka gott að opna gluggann og fara stundum úr smæðinni hér. Hvað íslensk áhrif á verkin varðar þá held ég að fólk skynji í þeim ákveðna frumkrafta. Hugmyndin um manninn og nálægð hans við náttúruna hefur alltaf verið stór hluti af verkum mínum.

En hlutleysi skiptir mig líka miklu máli – að segja ekki fólki hvað það á að sjá og upplifa. Stundum gerir maður verk án þess að vita af hverju og það finnst mér gefa verkunum heilmikið frelsi sem skiptir miklu máli.“

Allt hægt í myndlist

Það getur fylgt því mikil pressa að starfa á vettvangi alþjóðlegrar myndlistar og Steinunn er ekki aðeins að vinna með galleríi Tveir hrafnar hér í Reykjavík heldur er hún á samningi hjá þekktum galleríum bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. En hún virðist ekki kippa sér upp við álagið sem fylgir vegsemd hverri. Hún nýtur þess fyrst og fremst að vinna. „Jú, það er vissulega mikið að gera. Ég verð með sýningu í London í nóvember á þessu ári í gegnum galleríið mitt þar, en það er Osborne Samuel í Mayfair, og síðan er ýmislegt annað í farvatninu svo sem sýning í Þýskalandi og Bandaríkjunum. En ég leiði ekki mikið hugann að því þannig lagað. Ég bara vinn.

Stóra málið er að ég er ekki hrædd við hvíta blaðið eins og maður segir um óttann við að fá ekki hugmynd. Ég vinn mikið og er leidd áfram – og þó svo ég sé stundum lúin þá er ég þakklát. Það er nefnilega allt hægt í myndlistinni og það er dásamlegt.“

Þegar þér leitið mín af öllu hjarta læt ég yður finna mig, segir Drottinn.

www.versdagsins.is

Þú kemst hærra
í góðum félagsskap

Þúsundir Íslendinga ávaxta fé sitt í Lífeyrisauka

Sjö fjárfestingarleiðir tryggja að þú finnur þá réttu fyrir þinn viðbótarlífeyrissparnað og leggur grunn að varasjóði til að skapa þér betri lífskjör eftir starfslok.

Skoðaðu leiðirnar á **arionbanki.is/lifeyrisauki**, með því að senda fyrirspurn á **lifeyristhjonusta@arionbanki.is** eða hafðu samband við ráðgjafa í síma 444 7000 og leggðu grunn að góðri framtíð.



Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Fimm ára ávöxtunartölurnar sýna meðalnafnávöxtun frá 30.06.2010-30.06.2015 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um Lífeyrisauka, þ.á.m. um ávöxtun hvers árs, reglur sjóðsins o.fl., má nálgast á **arionbanki.is/lifeyrisauki.**

Arion banki

HAGAMELSSTRÁKURINN Málið komst í hámæli í fjölmiðlum árið 2004. Einari þykir ýmislegt hafa verið skrumskælt á þeim tíma. Meðal annars hafi verið gefið sterklega í skyn að heimilisaðstæður hefðu verið með besta móti áður en móðir hans myrti systur hans. Því fer víðs fjarri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mamma man ekki eftir morðinu

Einar Zeppelin Hildarson komst lífshættulega slasaður undan móður sinni eftir stunguárás. Systir hans lést í árásinni. Nú gerir hann upp fortíðina í viðtali við Fréttablaðið; innlagnir á BUGL, reiðina og loks skilninginn á veikindum móður hans.

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

Ellefu ára stúlka stungin til bana. Þannig hljómaði forsíðufyrirsögn Fréttablaðsins þann 1. júní árið 2004. Morguninn áður hafði móðir Einars Zeppelin Hildarsonar myrt litlu systur hans og reynt að drepa hann.

Þegar blaðið barst inn um bréfalúgur landsmanna lá Einar sofandi á bráðamóttöku Landspítalans. Hann var með stungusár í kviðnum, í öxl og síðu. Enginn hafði enn sagt honum að litla systir hans, Guðný Hödd, væri látin.

„Ég fór á Korn-tónleika um kvöldið. Þetta voru góðir tónleikar á sínum tíma. Þegar ég kom svo heim fann ég strax að mamma var dálítið hástemmd. Hún sagði við mig að út af tónleikunum yrðu örugglega mikil læti í bænum og bað mig um að taka skaft af ryksugu og skorða undir hurðarhúninum á útidyrahurðinni. Hafandi alist upp með mömmu minni þá var maður vanur alls konar vitleysu. Hún sagði eitthvað svona og maður var alveg hættur að rífast um það."

Ranghugmyndir og vænisýki

Einar hafði alist upp við ranghugmyndir móður sinnar alla tíð. Árið 2004 var hann orðinn fjórtán ára, hafði fermst mánuði fyrir kvöldið örlagaríka, og var hættur að leggja trúnað á hugmyndir móður sinnar um raunveruleikann.

„Hún er veik. Það er bara þannig. Hún er haldin paranoju og þegar ég var yngri var ég vanur því að heyra frá henni að það væru allir á móti mér. Það væri verið að njósna um okkur heima hjá okkur, þar væru myndavélar og hljóðnemar. Hún upplifir þetta allt í alvörunni, þetta er raunveruleikinn hennar þótt þetta sé ekki raunverulegt."

„Svo gerir maður sér grein fyrir því; af hverju í andskotanum ættu allir að vera að hlusta á okkur? Hún hélt að það væri einhvers konar stjórnvald að njósna um okkur. Það var eins og samfélagið væri allt á eftir okkur."

Barnavernd ráðalaus

Einar er fæddur í Danmörku árið 1990. Faðir hans var íslenskur eiturlyfjaneytandi, búsettur í Kristjaníu í Kaupmannahöfn. Hann man ekkert eftir honum úr frumbernsku því móðir hans flaug með hann heim til Íslands í lok árs 1991. Hún fór aftur út til Danmerkur þar sem hún varð ólétt af systur hans. Þunguð kom hún svo aftur til Íslands til að hefja nýtt líf árið 1992. Litla fjölskyldan kom sér fyrir í íbúð á vegum góðgerðarsamtaka í Skerjafirði.

„Svo árið 1996 er í raun í fyrsta sinn hægt að sjá hvað mamma er veik. Þá reynir hún að drepa sig með því að stökkva fram af bílastæðahúsi á Hverfisgötu. Hún mölbraut sig alla og þurfti að vera á sjúkrahúsi og í endurhæfingu í um það bil ár. Á meðan bjuggum við systkinin hjá afa og ömmu."

Móðurforeldrar Einars höfðu þarna í tvígang hlaupið undir bagga með dóttur sinni og leyft Einari að búa hjá þeim. Þau höfðu reynt að styðja við bak dóttur sinnar um margra ára skeið með þeim hætti. En öryggi barnanna var þeim líka hugleikið. Einar veit nú að margoft höfðu þau og frænkur systkinanna reynt að fá barnaverndarnefnd til að grípa inn í aðstæður þeirra. Þau reyndu að koma barnaverndaryfirvöldum í skilning um að systkinin byggju ekki við ásættanlegar aðstæður hjá móður sinni og að móðirin væri mjög lasin á geði. Allt saman án árangurs.

„Málið er að réttur móður til að umgangast barnið sitt er svo mikill að það þurfti eitthvað svakalegt að gerast til að mamma missti réttinn til að hafa okkur. Þau fengu alltaf þau svör að það væri ekkert sem hægt væri að gera. Það sýnir kannski hvað þetta er heimskulegt kerfi að eftir að mamma reynir að drepa mig fær hún enn að hafa forræðið yfir mér. Þegar ég sótti um framhaldsskóla þurfti hún að skrifa undir umsóknina og hún hafði lögbundinn rétt til að vita um allt sem var í gangi í lífi mínu. Þannig var það í rúmlega tvö ár eftir atvikið, eða þar til afi og amma sóttu það mjög hart að fá forræðið og það gekk eftir."

Dauðinn flótti frá veruleikanum

Einar segir að ekkert geti búið mann undir það sem gerðist í lok maí 2004. Ekkert ofbeldi eða neysla vímuefna hafði verið til staðar á heimilinu og móðir hans hafði aldrei með beinum hætti hótað honum eða systur hans líflláti eða líkamsmeiðingum. Flótti frá ímynduðum ofsóknum hafði þó komið til tals. „Hún var búin að vera mjög veik. Rétt fyrir jólin árinu áður vorum við mamma og litla systir mín að horfa á mynd inni í stofu. Þá byrjar hún að tala um að við ættum öll að taka eitur til þess að losa okkur frá fólkinu sem væri á eftir okkur. Ég varð mjög reiður en litla systir mín, enn þá bara ellefu ára gömul, segir bara: já mamma, við gerum bara það sem við þurfum að gera. Hún trúði mömmu sinni."

„Það er ekki hægt að festa sig í hvað ef. Þá er maður bara farinn að kenna sjálfum sér um. En eftir jólin var ég alveg búinn að hugsa að við Guðný ættum bara að fara og flytja inn til ömmu og afa. Á tímabili hugsaði ég: „Hvað ef ég hefði bara farið með hana og neitað að fara til baka. Þá hefði þetta ekki skeð."

Trúði þessu ekki upp á mömmu

Þegar Einar kom heim af tónleikunum að kvöldi hins 30. maí bauð mamma hans honum upp á grjónagraut í kvöldmat. Hann fúlsaði við grautnum, þótti skrítið og óvenjulegt bragð af honum, og fór fljótlega að sofa.

„Svo vakna ég um nóttina við að ég er allur blautur og ég hugsaði að ég hlyti að hafa migið á mig. Ég hrekk upp þegar ég sé að ég er allur í blóði. Ég kallaði auðvitað bara á mömmu, því það er það sem maður gerir. Hún kemur inn og lætur eins og hún sé mjög hissa. Talar um að ég hljóti að hafa sofnað með vasahníf í rúminu. Þá fer ég fram á baðherbergi til að ná í handklæði en herbergi systur minnar var við hliðina á því. Ég ætlaði inn til hennar til að athuga hvort það væri í lagi með hana en mamma bannaði mér það. Hún sagði að systir mín mætti ekki sjá mig svona útataðan blóði. Ég trúði því þá en í dag veit ég að hún var líklegast bara dáin í herberginu sínu."

> **Hún er veik. Það er bara þannig. Hún er haldin paranoju og þegar ég var yngri var ég vanur því að heyra frá henni að það væru allir á móti mér. Það væri verið að njósna um okkur heima hjá okkur, þar væru myndavélar og hljóðnemar.**

„Ég man ekki eftir því að hafa fundið mikinn sársauka. Ég beið bara rólegur eftir því að það kæmi sjúkrabíll. Þegar ég var búinn að bíða á rúmbríkinni í svona tíu til fimmtán mínútur spyr ég mömmu hvar bíllinn sé. Mér datt ekki í hug að hún hefði stungið mig. Hverjum myndi detta í hug að mamma manns hefði reynt að drepa sig?"

Hvað í fokkanum ertu að gera með þennan hníf?

„Svo kemur hún með einhverja töflu og segir mér að taka hana því hún muni hjálpa mér. Ég sagði bara nei. Ég væri ekkert að fara að taka einhverja töflu og slæ hana úr hendinni á henni. Hún fer svo aftur fram og kemur inn með aðra höndina fyrir aftan bak. Ég sé að hún heldur á hníf sem við áttum ▶

DEBENHAMS

Sumar

ÚTSALAN

Í FULLUM GANGI

50-70 %

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

Opið í dag frá 11:00 - 18:00

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Svo labbaði ég bara á nærbuxunum allur út í blóði með svona stykki af fituvefjum lafandi úr síðunni. Ég hugsaði bara um að ég þyrfti að komast eitthvert þar sem ég gæti fundið einhvern og þar sem ég gæti hringt á sjúkrabíl.

heima. Ég spyr hana hvað í fokkanum hún sé að gera með þennan hníf. Þá lætur hún hann detta og fer að gráta."

„Hún fer fram og ég held áfram að öskra á hana bara „mamma, mamma, hvað er í gangi" en þá kemur hún aftur inn með annan hníf. Ég sit hálfpartinn á rúminu þegar hún ætlar að ráðast á mig. Það er dálítið erfitt að útskýra þetta. Ég sit á rúmkantinum og hún kemur að mér og ég grípur í hendurnar á henni og það skerst yfir puttann í leiðinni, svo næ ég að henda henni í rúmið og er að standa upp sjálfur og þá stakk hún mig nokkrum sinum í öxlina, bakið og síðuna," segir Einar og bendir blaðamanni á svæðin þar sem stungurnar dundu á honum. Víða sjást örin enn þá.

Með fituvefina í lúkunum

„Það var allt ótrúlega einfalt á þessu augnabliki. Ég sparkaði ryksuguskaftinu undan hurðarhúninum og labbaði út. Svo labbaði ég bara á nærbuxunum allur út í blóði með svona stykki af fituvefjum lafandi úr síðunni. Ég hugsaði bara um að ég þyrfti að komast eitthvert þar sem ég gæti fundið einhvern og þar sem ég gæti hringt á sjúkrabíl. Ég labbaði frá Hagamelnum þar sem ég átti heima og að rauðu blokkinni á horni Hagamels og Kaplaskjólsvegs þar sem félagi minn átti heima. Ég var mjög rólegur."

Einar dinglaði á bjöllu vinar síns en mamma hans kom til dyra. „Ég segi bara: Hæ þetta er Zeppi félagi hans Tony, ég er í smá veseni má ég nokkuð koma upp? Mamma hans hringir á sjúkrabíl fyrir mig. Þeir koma og ná í mig þar og svo fer ég bara niður á sjúkrahús. Þar horfði ég á Lethal Weapon 2 og svo man ég eiginlega ekki meira."

Á sama tíma kom lögreglan að húsi Einars. Þar komu þeir að móður hans sem hafði veitt sjálfri sér alvarlega áverka með hnífnum. Hún lá við hlið ellefu ára dóttur sinnar, sem var látin.

Pabbi lét loks sjá sig

Einar var fyrst og fremst reiður eftir atvikið. Faðir hans kom til landsins til að vera við útför dóttur sinnar en Einar vildi ekki tala við hann. Faðir hans skrifaði honum þá bréf sem Einar svaraði á þá leið að það væri orðið of seint, hann hefði haft fjórtán ár til að koma og vera pabbi hans, en núna væri ekki rétti tíminn. Síðan þá hefur hann ekki heyrt frá honum.

Mamma Einars var úrskurðuð ósakhæf fyrir dómi og vistuð á réttargeðdeildinni á Sogni í fjögur ár. Það þótti sannað að hún myndi ekkert eftir atvikinu. Einar var henni gríðarlega reiður í rúmlega tvö ár. Síðan þá hafa þau haldið sambandi. „Ég var ungur og skildi ekki sjúkdóminn. Ég saknaði hennar kannski innst inni en ég pældi ekkert í því, því ég var svo reiður. Svo byrjaði ég að skilja að þetta er bara sjúkdómur og það er enginn sem velur sér þetta. Það eru örugglega ekki margir í þessum heimi sem þessi sjúkdómur hefur tekið meira af heldur en af henni."

Engin handbók til þegar móðir drepur barn

Einar fór á milli geðdeilda og var settur á nokkur ólík lyf eftir atvikið. Allt til þess að honum liði betur og svo hann næði að fóta sig að nýju. „Það er ekki til nein handbók um hvað á að gera þegar móðir reynir að drepa barnið sitt. Það er bara reynt að spila þetta eftir hendinni en undir miklu stressi. Í hvert skipti sem það var eitthvað að þá var ég bara sendur á BUGL og geðdeild. Mér leið illa, var reiður og með sjálfseyðandi hugsanir. Það var mikið verið að prófa alls konar. Mér leið samt vel með vinum mínum og er ekki viss um að það hafi verið rétt að taka mig úr aðstæðum sem mér leið vel í."

Einar sökk langt niður eftir atvikið árið 2004. Hann leiddist út í neyslu fíkniefna og flosnaði upp úr skóla. Í dag er hann aftur á móti edrú, á sambýliskonu, og gegnir stöðu verkefnastjóra tækni- og uppstillingardeildar hjá Grand Hóteli í Reykjavík. Sjúkdómur móður hans er samt enn stór hluti af lífi hans.

Mamma enn lasin

„Um þarseinustu jól kom bakslag. Mig grunar að hún hafi verið hætt að taka lyfin sín. Þá var hún farin að tala mikið um vonda anda í íbúðinni sinni og hluti sem gengu ekki upp. Einn daginn ákvað ég svo að fara til hennar og biðja hana að koma með mér á geðdeildina. Þá byrjum við að rífast og hún segir að það sé segull í íbúðinni sem hafi verið komið þar fyrir til að láta hana endanlega gera út af við okkur bæði. Þá brjálast ég bara og dreg hana svo gott sem niður á geðdeild gegn hennar vilja."

„Ég lét sjálfræðissvipta hana tímabundið og fékk það í gegn að nú fær hún reglulegar sprautur í stað þess að sjá sjálf um lyfjatökuna. Ég held að ef við hefðum ekki okkar sögu hefði bara verið hlegið að mér."

Einari þykir vænt um mömmu sína og hefur fyrir löngu sætt sig við fortíðina. „Maður lærir að lifa með því og skilja að þetta er bara sjúkdómur. Kannski munu einhverjir lesa þetta og vita að það er von. Kannski munu aðrir lesa þetta sem eru að díla við fjölskyldu sem er veik. Það er mjög erfitt að eiga í samskiptum við veikt fólk. Mamma verður samt alltaf mamma mín og það er ekkert sem breytir því. Ef mig vantar móðurleg ráð þá tala ég við hana því ég á enga aðra mömmu. Og ég reyni að styðja hana eins og ég get svo henni nái að líða vel. Að sjálfsögðu þykir mér vænt um hana og það mun aldrei breytast sama hvað skeður. Ég geri það sem ég get til að vera til staðar fyrir hana. Hún er yndisleg manneskja. Hún er mjög góð kona og vill öllum vel. Hún er bara lasin."

Nærri ómögulegt að fólk læknist af geðklofa

Samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur var móðir Einars greind með svokallaða paranoid schizophrenia og talið sannað að hún hafi verið í geðrofi þegar atvikið átti sér stað.

Fréttablaðið hafði samband við Halldóru Jónsdóttur, yfirlækni á bráðageðdeild Landspítalans, og bað hana að útskýra fyrir lesendum geðrof og schizophreniu, öðru nafni geðklofa.

„Geðrof er það að missa tengslin við raunveruleikann. Fólk getur haft ranghugmyndir í geðrofi en það getur líka haft ofskynjanir, sjónofskynjanir, heyrnarofskynjanir eða annars konar ofskynjanir. Það verður til nýr raunveruleiki. Þetta er allt eitthvað sem verður til út frá truflunum á boðefnum í heilanum. Alvarlegasti geðrofssjúkdómurinn er geðklofi, eða paranoid schizophrenia."

Halldóra segir að afar sjaldgæft sé að læknast af geðklofa. „Það eru vissulega til einstaklingar sem telja sig hafa læknast af geðklofa en við sjáum það því miður ekki mjög oft. Okkur tekst þó að halda einkennum mjög vel niðri, með lyfjameðferðum og öðrum meðferðum. Um fimmtíu prósent þeirra sem hafa þennan sjúkdóm hafa ekki sjúkdómsinnsæi. Þetta er bara þeirra raunveruleiki og það reynir mikið að sannfæra mann um eitthvað [sem það upplifir]. Fyrir tíma geðrofslyfja hvarf fólk inn í geðveikina, þá var fólk bara lokað inni á geðveikrahælum áratugum saman."

Aðspurð hvort það sé algengt að fólk muni ekki hvað gerist á meðan á geðrofi stendur segir Halldóra: „Það er mjög einstaklingsbundið hvernig þetta er. Það eru til einstaklingar sem muna ekki hvað hefur gengið á en margir muna þetta allt saman. Geðrof er í raun eitt en geðklofi er alvarlegri. Við gætum öll lent í geðrofi ef við myndum ekki sofa svo dögum skipti eða ef eitthvað alvarlegt kæmi fyrir okkur. En okkur myndi örugglega batna."

ÞJÓÐHÁTÍÐ

LAUGARDAGUR **18. JÚLÍ 2015**

Fjölmörg mannvirki þurfa að rísa á hverju ári og sífellt er reynt að betrumbæta aðstöðuna. Í ár verða innréttingar í veitingatjaldinu með breyttu sniði. Þá er verið að leggja lokahönd á nýtt hlið inn í dalinn.

Það ættu allir að fara að minnsta kosti einu sinni á Þjóðhátíð

Undirbúningur fyrir Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum er kominn á fullt skrið en hann hófst óvenjusnemma í ár. Öll undirbúningsvinnan er unnin í sjálfboðavinnu og gengur allt samkvæmt áætlun. Jóhann Jónsson hefur komið að undirbúningi hátíðarinnar síðan 1967.

Þjóðhátíðarundirbúningurinn í ár hefur farið vel af stað. „Við tjölduðum veitingatjaldinu fyrir Goslokahátíð sem var haldin í lok júní. Það flýtti heilmikið fyrir okkur. Formlegur undirbúningur hófst svo á mánudag og er allt á áætlun," segir Jóhann Jónsson, sem kom fyrst að undirbúningi hátíðarinnar árið 1967 og er því flestum hnútum kunnugur. Undirbúningurinn felst að hans sögn meðal annars í því að innrétta veitingatjaldið, setja upp eldhúsið og reisa hofið og önnur mannvirki sem hátíðinni tengjast. „Auk þess standa nokkur mannvirki inni í dal og munar mestu um sviðið sem var reist fyrir nokkrum árum."

Spurður um nýjungar segir hann menn alltaf vera að vinna sér í haginn til að gera undirbúninginn sem þægilegastan en að framlagið hverju sinni sé missýnilegt. „Nú erum við breyta innréttingunum í veitingatjaldinu og að klára regnbogahliðið inn í dalinn sem við byrjuðum á í fyrra en auk þess erum við að smíða nýjar undirstöður undir vitann svo dæmi séu nefnd."

Allir sem koma að undirbúningi hátíðarinnar inna starf sitt af hendi í sjálfboðavinnu. „Við erum að gera þetta fyrir íþróttafélagið okkar og samfélagið. Svo einfalt er það," segir Jóhann. Hann segir sjálfboðaliðum hins vegar fara fækkandi og því sé sífellt reynt að gera varanlegri ráðstafanir til þess að minna þurfi að gera fyrir næstu hátíð. Spurður af hverju það stafi að færri bjóði fram krafta sína segir hann komna fram kynslóð sem sé ekki tilbúin til að gefa af sér nema fá það greitt.

Fjöldi gesta á Þjóðhátíð hefur mest farið í tæplega sautján þúsund en þeir voru að sögn Jóhanns í kringum fjórtán þúsund í fyrra. „Þetta fer svolítið eftir veðri. Ef það er gott er yfirleitt meiri ferðahugur í fólki. Hins vegar má ekki gleyma því að við höfum góða aðstöðu til að taka á móti fólki ef eitthvað kemur upp á og getum komið öllum í hús ef þannig viðrar. Það er einstakt þegar kemur að útihátíðum en við búum að því að vera inni í bæ en ekki úti í óbyggðum."

Þjóðhátíð 2014.

Að mati Jóhanns ættu flestir Íslendingar að koma í það minnsta einn dag á Þjóðhátíð enda sé hátíðin allt öðruvísi en margir halda og mikið um dýrðir. „Þetta er miklu meiri fjölskylduhátíð og hér er meiri nánd en fólk heldur. Hér koma margir ættliðir saman og ef eitthvað bjátar á hjá náunganum er fólk fljótt að grípa inn í. Miðað við fjölda gesta er því í raun ótrúlega lítið sem kemur upp þótt megi stundum lesa annað af fjölmiðlaumfjöllun. Fyrir utan hefðbundna löggæslu og foreldragæslu iðkenda í ÍBV gerir náungagæslan nefnilega mikið gagn."

Jóhann segir hátíðina meiri fjölskylduhátíð en margir halda.

Það verður nóg að gera hjá Palla um verslunarmannahelgina og leikur hann stórt hlutverk á Þjóðhátíð.

Byrjar og endar á Þjóðhátíð

Páll Óskar spilar á Húkkaraballinu, syngur sín bestu lög fyrir börnin og býður þeim með sér í myndatöku, tekur þátt í Brekkusöngnum og slær svo upp alvöru Pallaballi í Herjólfsdal aðfaranótt mánudags og spilar þar til sólin kemur upp.

Páll Óskar Hjálmtýsson leikur stórt hlutverk á Þjóðhátíð í ár. Hann byrjar á því að spila á Húkkaraballinu á fimmtudag, en það hefur stækkað með hverju árinu og í fyrra var aðsóknarmet slegið þegar fjórtán hundruð miðar voru seldir. Á föstudag tekur hann svo þátt í barnadagskrá Þjóðhátíðar og hefur sama háttinn á og hann hefur haft frá árinu 2008. „Ég tek nokkur af mínum bestu lögum á litla sviðinu en eftir það verður aðalatriðið – þá spyr ég hvort einhver á svæðinu vilji fá selfí með mér eða áritað plakat og þá verður allt vitlaust," segir hann og hlær.

Palli tekur um tvo tíma í að afgreiða alla því hann lætur engan fara heim í fýlu. „Ég tek mér góðan tíma og sinni krökkunum vel því ég veit að það getur skipt þau gríðarlegu máli seinna meir. Þegar ég var fjórtán ára beið ég í fimm klukkutíma röð til að fá áritun frá hljómsveitinni Five Star, sem var svar Breta við Jackson 5. Þegar ég sagði þeim að lögin þeirra hefðu komist á toppinn á Íslandi tóku öll í spaðann á mér og ég sveif út á bleiku skýi. Ég á áritaða plötuna enn þá. Þetta er ástæðan fyrir því að þegar einhver kemur til mín og biður um áritun eða selfí segi ég aldrei „nei". Ég hef ekki efni á að segja „nei" við áreitunum þegar ég hef unnið að því hörðum höndum í tuttugu ár að verða eins frægur og ég get."

Á sunnudagskvöld snýr Palli aftur til Eyja og byrjar á því að taka þátt í Brekkusöngnum með Buffinu og öðrum valinkunnum gestasöngvurum. „Ég verð svo með Pallaball í Herjólfsdal frá klukkan þrjú um nóttina og hætti ekki fyrr en sólin verður komin upp. Ég hef fengið að gera þetta nokkrum sinnum áður og ég elska þessa töfra sem myndast í Herjólfsdal á þessum tíma, þetta er alveg magnað og þessa stemningu sem myndast fær maður örugglega hvergi annars staðar að upplifa," segir Palli og brosir.

Hæfilega samsett af sumri og rómantík

Sálin flytur þjóðhátíðarlagið í ár sem hefur skotist upp vinsældalistann. Lagið nefnist Haltu fast í höndina á mér. Það var Guðmundur Jónsson sem samdi lagið en Stefán Hilmarsson textann. Lagið er þegar orðið að einu vinsælasta lagi landsins.

Þegar Stefán var spurður hvað hefði komið til að Sálin var fengin til verksins að þessu sinni, svaraði hann: „Þetta hafði komið til tals fyrir nokkrum árum, en varð ekki af fyrr en núna. Það var líklega kominn tími á þetta."

Stefán viðurkennir að það hafi verið svolítið snúið að gera textann og það hafi tekið hann nokkurn tíma. „Það þarf að huga að ýmsu, hann þarf að vera sæmilega samsettur, hæfilega Eyjalegur, en þó almennur og helst innihalda smá sumar og rómantík. Mér fannst það takast nokkuð vel," segir hann og er ánægður með viðtökur lagsins. „Mér skilst að þetta sé eitt vinsælasta lag landsins, það er allt ofarlega á helstu listum."

Stefán er ekki alveg ókunnugur þjóðhátíðarlögum því hann hefur komið við sögu í þremur þeirra. Hann söng nokkrar línur í þjóðhátíðarlaginu 1989 sem heitir Í Brekkunni – Bræðurnir Brekkan. „Ég kom víst einnig við sögu í tveimur öðrum lögum, man þó ekki hvaða ár það var. En þetta er í fyrsta skiptið sem Sálin stendur að slíku lagi."

Þegar Stefán er spurður hvort hann hlakki til að flytja lagið í Herjólfsdal segist hann vera rólegur enn þá. „Það verður þó vafalaust spennandi og skemmtilegt að stíga á sviðið þegar þar að kemur. Það er auðvelt að skemmta sér á Þjóðhátíð, jafnvel þótt maður sé að skemmta öðrum í leiðinni."

Á síðasta ári flutti Jón Jónsson þjóðhátíðarlagið en árið þar á undan var lagið samið af Birni Jörundi og flutt af hljómsveitinni Nýdönsk. Oftast verður þjóðhátíðarlagið að vinsælum sumarsmelli.

Hér má sjá textann við lagið Haltu fast í höndina á mér sem Sálin flytur. Allir sem ætla á þjóðhátíð þurfa að kunna hann.

Stefán Hilmarsson samdi textann við nýja þjóðhátíðarlagið.

Þjóðhátíðarlag 2015

Úr Ægi köldum eyland í suðri rís
og góður er byr.
Á öldufóldum í ágústbyrjun
þangað siglum sem fyrr.

Þar söngvar óma
í sæludalnum og í sálinni á mér.
Og augu ljóma
því æði margir finna ástina hér.
Má ég kíkja í tjaldið hjá þér?

Við elskum lífið þessar ljúfu nætur
þá logar lýsa upp ævintýraheim.
Hér rætast draumar ef að líkum lætur.
||: Haltu fast í höndina á mér. :||

Svo kemur dagur og kannski sólin
okkur kyssi um stund.
Hve hann er fagur hamarinn hái
sem við liggjum hér und.

En tíminn flýgur, sjá fyrr en varir
fölna urtir og láð.
Sumarið líður svo fljótt — en varla
mér úr minni í bráð.
Tökum síðar upp þennan þráð.

Við elskum lífið þessar ljúfu nætur
þá logar lýsa upp ævintýraheim.
Hér rætast draumar ef að líkum lætur.
||: Haltu fast í höndina á mér :|| —
þessa nótt...

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmaður auglýsinga:** Jónatan Atli Sveinsson, s. 512-5446, jonatan@365.is **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson.

ALVÖRU BRAGÐ
ENGINN SYKUR

LIVE FOR NOW®

Dunar hátt í klettasal

Þjóðhátíðarlög hafa verið samin fyrir Þjóðhátíð í Eyjum frá árinu 1933. Þá sömdu þeir Oddgeir Kristjánsson og Árni úr Eyjum lagið Setjumst hér að sumbli. Síðan hafa á sjöunda tug þjóðhátíðarlaga verið samin. Hér velja Eyjamenn og -konur sín uppáhaldslög.

Alltaf einhver smá tregi í gleðinni

Edda Andrésdóttir fréttaþulur

Valið getur nú eiginlega varla annað en tekið mið af því að ég var alltaf á Þjóðhátíð á sjötta og sjöunda áratugnum – með Mexíkanahatt og bleikan varalit og á allar mínar minningar þaðan. Þannig get ég ómögulega sveigt fram hjá Ég veit þú kemur eða Ágústnótt sem bókstaflega flýgur með mann í Herjólfsdal. Svo er Sólbrúnir vangar blítt og tregafullt – en það er líka alltaf einhver smá tregi í gleðinni! Svo var ég einu sinni stödd á öllu fámennari hátíð um verslunarmannahelgi þar sem átti nú samt að ná upp Þjóðhátíðarstemningu. Þetta var þegar Eyjan græna hans Bubba var þjóðhátíðarlag og ég man varla eftir að hafa heyrt jafn hressilega tekið undir nokkurt lag eins og þegar það var spilað. Þá var rokkið komið í þetta – Eyjarokkið – og við komin hálfa leið í Dalinn!

Erfitt að gera upp á milli

Margrét Lára Viðarsdóttir fótboltakona

„Ég verð að fá að nefna þrjú lög því mér finnst mjög erfitt að gera upp á milli allra þessara frábæru laga. Fyrsta lagið sem mig langar að nefna er lagið Heima (1951) eftir þá Oddgeir Kristjánsson og Ása í Bæ. Þetta lag finnst mér ótrúlega fallegt. Textinn er einstakur og minnir mig á ömmur mínar tvær sem mér þykir svo vænt um," segir Margrét. Annað lagið sem hún nefnir er Þar sem hjartað slær (2012) eftir Halldór Gunnar Pálsson og Magnús Þór Sigmundsson sem Fjallabræður og Sverrir Bergmann fluttu. „Í raun og veru segir nafn lagsins allt sem segja þarf. Hjarta okkar Eyjamanna er sterkt og slær fyrir eyjarnar þó að maður sé oft langt í burtu. Ég hlusta á þetta lag yfirleitt fyrir leiki og það kemur mér í rétta gírinn." Þriðja lagið sem Margrét Lára nefnir er La Dolce Vita (2011) eftir Pál Óskar Hjálmtýsson og Trausta Haraldsson. „Ég er ótrúlega mikill Palla-aðdáandi og því verður þetta lag að fá að fylgja með. Kemur manni alltaf í góðan gír."

Lífið er yndislegt verður eilíft

Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona

Þau eru ansi mörg þjóðhátíðarlögin sem hafa heillað Elvu Ósk. „Því einfaldari – því betri finnst mér. Textinn þarf að vera með smá rómantík og „dassi" af nostalgíu og lögin grípandi og gítarvæn," segir hún glaðlega. Hér eru þau lög sem standa hvað mest upp úr hjá henni:

„Perlur Oddgeirs og Ása í Bæ eru og verða í miklu uppáhaldi. Þau tengjast góðum æskuminningum og lifa endalaust.

Þjóðhátíðarlagið '89 „Í Brekkunni" eftir Jón Ólafsson og Bjartmar Guðlaugsson. Það er mjög vel lukkað. Lagið er hresst og skemmtilegt og textinn hjá Bjartmari fallega kærulaus en með virðingu fyrir hinu liðna. Mjög grípandi í alla staði.

Þjóðhátíðarlagið '80 „Út í Elliðaey" eftir Val Óskarsson finnst mér líka skemmtilegt og textinn tengir vel við þá sem eiga sínar rætur í Eyjum. Það sama má segja um þjóðhátíðarlagið '79 „Peyjaminning" eftir Gísla Helgason, texti eftir Hafstein Snæland.

Svo má ekki gleyma mest grípandi viðlagi allra tíma – „Lífið er yndislegt" sem Hreimur söng árið 2001. Þar er mikil fegurð og rómantík á ferð. Það lag verður eilíft held ég og nær utan um stemninguna á Þjóðhátíð," segir Elva Ósk og heldur áfram: „Svo get ég ekki sleppt því að nefna þjóðhátíðarlögin '91, '93, '99 og 2000 og…"

Horft yfir Herjólfsdal og Heimaey. NORDICPHOTOS/GETTY

Grípa vel Þjóðhátíðarstemninguna

Árni Johnsen, fyrrverandi þingmaður

Árni er þjóðþekktur fyrir að leiða Brekkusöng á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum en Brekkusöngurinn er hápunktur hátíðarinnar hjá ansi mörgum.

„Fyrst vil ég nefna lagið Herjólfsdalur 1977 en lag og texti eru eftir Ása í Bæ," segir Árni og fer með fyrstu línur lagsins; Herjólfsdalur, orðinn eins og nýr svo yndislega grænn sem fyrr á dögum." Árið 1977 var því fagnað að Þjóðhátíðin var aftur komin í Herjólfsdal eftir fjögurra ára dvöl á Breiðabakka eftir eldgosið.

Árni nefnir einnig lagið „Ég veit þú kemur" eftir Oddgeir Kristjánsson og Ása í Bæ frá 1963. „Þá verð ég einnig að velja lagið frá 1987 þótt textinn sé eftir sjálfan mig. Það er lagið „Síðasti dans í dalnum" eftir Kristin Svavarsson í Mezzoforte. Öll þessi lög hafa ótrúlegan sjarma og svo fylgja textarnir þeim afar vel. Þau grípa vel Þjóðhátíðarstemninguna."

Fanga anda Vestmannaeyja

Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyja

Þjóðhátíðarlögin eru í miklu uppáhaldi hjá Elliða. Hann spilar þau frá miðjum júní og út ágúst. „Það er ekki óalgengt að þessi snilldarlög og textar þeirra ómi um allt ráðhúsið út um dyrnar á skrifstofu bæjarstjórans," segir Elliði glettinn. „Ég hrífst almennt mjög af textum og í raun eru þjóðhátíðartextarnir hluti af ljóðformi sem kallast staðarljóð þar sem leitast er við að fanga anda tiltekins staðar og flétta saman við eigin sjálfsvitund, minningar og tilfinningar. Þegar vel tekst til með þjóðhátíðarlög þá fanga lög og texti nákvæmlega þessa blöndu og hnýta upp minningar liðinna Þjóðhátíða og tvinna þær við væntingar þeirrar næstu."

Elliði hefur ætíð haft mikið dálæti á gömlu þjóðhátíðarlögunum eftir Oddgeir Kristjánsson. „Ekki síst þegar þau eru við texta Ása í Bæ, Árna úr Eyjum og Lofts Guðmundssonar. Lög eins og „Undurfagra ævintýr" frá 1937, „Heima" frá 1951 og „Ég veit þú kemur" frá 1962 eru öll dæmi um þá nostalgíu. Að mínu mati er svo „Kveikjum eldana" (Þar sem hjartað slær) frá 2012 algerlega einstakt lag. Það er svo stórt að það fyllir Herjólfsdal og um leið vitund allra sem þar eru. Halldóri Gunnari Pálssyni og Magnúsi Þór Sigmundssyni tókst alveg ofboðslega vel til þar. Svoleiðis lög koma bara á áratuga fresti." Að lokum nefnir Elliði þjóðhátíðarlagið frá 1974 „Eyjan mín bjarta", lag og texti eftir Gylfa Ægisson. „Á þeim tíma voru Eyjamenn að hverfa aftur til Vestmannaeyja og takast á við gríðarlega uppbyggingu og bjartsýnin, samstaðan og baráttuþrekið kemur svo bersýnilega í ljós í textanum.

Að öllu þessu sögðu þá ítreka ég að þjóðhátíðarlögin eru öll góð þótt ólík séu. Þjóðhátíð er eins og Eyjamenn almennt, við elskum allt og umberum allt. Þjóðhátíðarlögin hafa enda verið allt frá diskói yfir í karlakóra og lúðrasveitir með viðkomu í skagfirskri sveiflu og hefðbundnum íslenskum drykkjuvísum."

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

MEIRIHÁTTAR ÚTITÓNLEIKAR
Tólf tíma maraþontónleikar verða í KEXPorti í dag. Dúndurtónleikar þar sem tólf bönd koma fram. Ekki sakar að það er ókeypis inn og margt skemmtilegt í boði.
Síða 4

Er maginn vandamál?

Silicol gel er kísilsýra í örsvifi gegn maga- og ristilóþægindum

Rannsóknir hafa sýnt að ein matskeið af silicol gel þrisvar sinnum á dag kemur starfsemi maga og þarma í jafnvægi án allra aukaverkana.

Fæst í apótekum

Ýmus ehf - Dalbrekka 28 - 200 Kópavogur - www.ymus.is

UPPGÖTVAÐUR Í PARÍS

FRAMABRAUT *Styr Júlíusson er 22 ára og þegar kominn með fyrirsætusamning hjá þekktri franskri umboðsskrifstofu, New Madison. Honum var boðið módelstarf þegar hann sat á veitingahúsi í París. Hann er í fríi núna en síðan verður haldið til Frakklands á ný og jafnvel Asíu.*

Styr vakti athygli fyrir tveimur árum þegar hann var valinn til að fara með aðalhlutverk í bíómyndinni Falskur fugl. Hann hefur alla tíð haft áhuga á leiklist og er ánægður með þá miklu reynslu sem hann fékk á þessum tíma. „Kvikmyndagerð hefur alltaf heillað mig ekki síður en leiklistin. Ég gæti vel hugsað mér að starfa við eitthvað henni tengt í framtíðinni," segir hann. Styr fór með hlutverk Arnaldar í myndinni, sem var byggð á skáldsögu Mikaels Torfasonar, og fékk mjög góða dóma. Meðal annars var sagt um leik Styrs í myndinni: „Þar spilar aðalleikarinn, Styr Júlíusson, stóran þátt, og eina stundina langar mann að gefa honum vinalegt faðmlag og þá næstu vill maður helst senda hann í sveit. En þarna er hæfileikaríkur piltur á ferðinni sem spennandi verður að fylgjast með," sagði Haukur Viðar Alfreðsson í Fréttablaðinu.

ÓVÆNT TILBOÐ

Það komu þó önnur tilboð en leikur í bíómyndum upp í hendurnar á Styr. Hann fór í ferðalag með móður sinni fyrr á þessu ári til Parísar og þá varð kúvending í lífi hans. „Við mamma fórum út að borða í París og þá kom fólk frá þessari umboðsskrifstofu og bauð mér að koma á skrifstofuna og hitta sig. Ég hef reyndar lent í slíku áður en síðan hefur lítið orðið úr hlutunum. Ég ákvað samt að fara í heimsókn daginn eftir og í framhaldinu var mér boðið að sýna fyrir Sacai á tískuvikunni í París," segir Styr.

Þess má geta að Sacai er risastórt hönnunarmerki og býður bæði kven- og herrafatnað. Sacai á uppruna sinn í Japan en merkið fæst nú um allan heim. „Ég var síðan í tveimur stórum verkefnum hjá New Madison fyrr í þessum mánuði, fór meðal annars til New York og svo fór ég í verkefni fyrir tímarit. „Mér fannst gaman að prófa þennan bransa og sérstaklega að fá að ferðast. Ég vonast til að það verði fleiri ferðalög í haust," segir Styr sem er núna í fríi á Íslandi og starfar sem þjónn á veitingahúsinu Snaps. ▶

STYR JÚLÍUSSON, FYRIRSÆTA OG LEIKARI „Ég var heppinn," segir Styr sem hlakkar til spennandi hausts í fyrirsætubransanum. MYND/ERNIR

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

habitat
TEKK COMPANY
KAUPTÚNI 3 | SÍMI 564 4400 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS
ÚTSALA!
ÚTSALA!
20–60%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
VÖRUM
20-40% af öllu frá ETHNICRAFT !!!
20-60% af öllum vörum frá HABITAT !!!
20-40% af öllu frá HOUSEDOCTOR !!!
20-40% af öllum vörum frá UMBRA !!!
Opið
mánudaga–laugardaga kl. 11-18
sunnudaga kl. 13-18

GULL BYLGJAN

▸ ÁHUGI Á LEIKLIST OG KVIKMYNDUM

Styr er ekki alveg ókunnugur í París. Móðir hans, Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands, starfaði þar sem hönnuður eftir að hann fæddist. „Ég átti heima í París fyrstu árin mín og mér líður alltaf vel þegar ég kem þangað," segir hann. Styr segir að þetta nýja starf hafi eiginlega verið eins konar heppni fyrir hann. „Mér finnst skemmtilegt að kynnast einhverju nýju. Núna hef ég umboðsskrifstofu sem sér um öll mál fyrir mig, sem er mjög þægilegt. Ég þurfti ekkert að hafa fyrir þessu en það er ekki sjálfgefið fyrir þá sem vilja feta þessa braut."

Frá því að Styr lék í Fölskum fugli hefur hann tekið að sér lítil verkefni, eins og hann orðar það. Hlutverk í stuttmyndum, þar af var eitt útskriftarverkefni fyrir nema í Listaháskóla Íslands. „Ég hef mestan áhuga á kvikmyndum og tónlist," bætir hann við. „Það hefur hins vegar ekkert stórt, spennandi hlutverk enn komið upp í hendurnar á mér," segir hann og hlær. „Maður vonar þó auðvitað að eitthvað bjóðist í framtíðinni. Ég er opinn fyrir öllum verkefnum. Ég hef aðeins unnið fyrir Eskimo models á undanförnum árum og það hefur sömuleiðis verið mjög fínt."

Styr hefur ekki langt að sækja listræna hæfileika sína. Móðir hans er vel þekktur hönnuður og hann segir að faðir sinn, Júlíus Þorfinnsson, hafi dútlað við leiklist á árum áður. „Hann er ekkert síður listrænn en mamma," segir hann.

HEIMA Í FRÍI „Það var skemmtilegt að kynnast tískuheiminum í París." MYND/ERNIR

ÍSLENSKUR VÍKINGUR

Styr er fremur óvenjulegt nafn og óþjált fyrir Frakka. Þeir kusu því að kalla hann Julius. „Ég vildi hafa mitt raunverulega nafn en Frakkarnir töldu betra að hafa þetta svona. Nafnið mitt þótti ekki nógu grípandi. Það er reyndar alltaf mjög skemmtilegt þegar ég reyni að segja fólki hvað ég heiti þarna úti. Annars er þetta forníslenskt nafn, komið af víkingum," útskýrir Styr. „Nafnið þýðir „stríð eða styrjöld"."

Styr segir að módelbransinn, eins og hann kynntist honum á tískuvikunni í París, sé bæði skrýtinn og skemmtilegur. „Allir ljósmyndarar sem ég vann með eru frábærir karakterar. París er tískuborgin og þar er allt á iði í kringum tískuviku. Það var sérstaklega ánægjulegt að kynnast því," segir Styr. Hann segist ekki hafa kynnst skuggahliðum tískuheimsins en viðurkennir að hafa heyrt ýmsa hluti. „Ég var einungis með gott fólk í kringum mig."

Er auðveldara fyrir stráka en stelpur að feta þessa braut? „Ég gæti trúað því. Það er hörð samkeppni hjá stelpum í módelheiminum. Ég var hins vegar heppinn þar sem starfið kom óvænt upp í hendurnar á mér." Styr segist hlakka mikið til þegar hann fer aftur út í september. „Ég held að allt ungt fólk dreymi um að flytja til annarra landa í einhvern tíma. Auka víðsýnina og kynnast nýjum hlutum, ég er einn af þeim."

elin@365.is

MÖGNUÐ KÍNVERSK HEILSURÆKT

HEILSUDREKINN KYNNIR *Alþjóða heilsu-qigong-félagið verður með kynningarnámskeið dagana 24.-27. júlí í Heilsudrekanum, Skeifunni. Kínverskir qigong-meistarar verða leiðbeinendur á námskeiðinu.*

Dagana 24.-27. júlí standa Heilsudrekinn og Wushu bardagaíþróttafélagið Drekinn í samstarfi við Alþjóða heilsu-qigong sambandið fyrir námskeiði í heilsu-qigong (borið fram tsí-gong). Þrír sérfræðingar og qigong-meistarar kenna á námskeiðinu, þau Zhuang Yongchang frá íþróttaháskólanum í Peking, Yao Qiong frá íþróttaháskólanum í Guang Shou og Chen Changle frá íþróttaháskólanum í Shanghai, en þau hafa ferðast um allan heim til þess að kenna helstu aðferðir og fræða um heimspekina og vísindin bak við þessa aldagömlu líkams- og sálarræktaraðferð. Fyrir þá sem ekki þekkja heilsu-qigong þá er það fimm þúsund ára gamalt æfingakerfi í heilsurækt. „Heilsu-qigong er meira en bara líkamsrækt," segir Dong Qing Guan, sem hefur rekið Heilsudrekann frá árinu 1998. „Æfingarnar eru byggðar á hefðbundnum kínverskum lækningaaðferðum. Þar fer saman qi, sem merkir lífskraftur, og gong, sem merkir nákvæmar æfingar." Þeir sem stunda heilsu-qigong upplifa aukna vellíðan, blóðþrýstingur verður eðlilegur og heilsuræktin bætir hjarta- og æðastarfsemi líkamans, auk þess að minnka kólesteról. Þá er talið að heilsu-qigong geti dregið úr þrálátum sársauka frá liðagigt, aukið súrefnisflæði um líkamann og minnkað streitu og álag. Æfingarnar draga úr þunglyndi og kvíða og byggja upp sjálfsvirðingu. Þessi aldagamla heilsurækt eykur heilbrigði og vellíðan og margir vestrænir læknar hafa viðurkennt áhrifamátt hennar. „Heilsu-qigong er fyrir alla," segir Qing. „Sumir gera æfingarnar standandi en ef það er erfitt þá má setjast niður eða jafnvel sitja allan tímann."

Þetta er í þriðja sinn sem Heilsudrekinn stendur fyrir námskeiðum af þessum toga og hafa þau notið mikilla vinsælda. Námskeiðin í heilsu-qigong hefjast eins og áður sagði föstudaginn 24. júlí klukkan fimm og standa laugardag og sunnudag milli 10.30 og 17. Fyrirlestur verður síðan á mánudaginn milli 16.00 og 18.00 í Háskóla Íslands. Þeir sem sækja þetta þriggja daga námskeið fá í kaupbæti mánaðaraðgang að qigong-tímum í Heilsudrekanum til að festa sér það í minni sem kennt var á námskeiðinu. Skráning er í síma 553 8282. Starfsemi Heilsudrekans er hægt að kynna sér nánar á heimasíðunni www.heilsudrekinn.is og á Facebook, þar sem getur að líta myndbandsupptökur af hinum ýmsu greinum sem eru æfðar og kenndar hjá Heilsudrekanum ásamt öðrum fróðleik.

KENNARAR Á HEIMSMÆLIKVARÐA Kennararnir kenna allir við kínverska íþróttaháskóla og hafa farið um allan heim til þess að kenna heilsu-qigong.

PYLSA Í BRAUÐI MEÐ KARTÖFLU-SALATI

GOTT Í FERÐALAGIÐ

Pylsur eru þægilegar til að taka með sér í ferðalagið eða bara setja á grillið í garðinum heima. Hér er uppskrift að góðu kartöflusalati til að hafa með pylsunni. Setja má salatið ofan á pylsuna eða hafa sem meðlæti. Þetta er einfaldur réttur sem auðvelt er að útbúa.

Pylsur og pylsubrauð

Kartöflusalat
200 g kartöflur
▌lárpera, skorin í bita
50 g smátt skorið hvítkál
1 dl majónes
1 msk. sýrður rjómi
1 msk. rifin, fersk piparrót
2 msk. sítrónusafi
salt og nýmalaður pipar
1 msk. sætt sinnep
1 tsk. tabasco-sósa
2 msk. graslaukur, smátt skorinn
1 msk. dill, smátt skorið
4 radísur, í sneiðum

Sjóðið kartöflurnar. Ef þær eru nýjar og fínar má hafa hýðið á þeim en annars eru þær afhýddar. Kælið kartöflurnar og skerið í grófa bita.

Blandið öllu vel saman í stóra skál. Látið standa í ísskáp í nokkra klukkutíma.



LJÚFFENGUR DRYKKUR

FRÁ INDLANDI

Þessi ljúffengi og frísklegi drykkur á rætur að rekja til Norður-Indlands. Hann er ótrúlega bragðgóður og hentar vel þegar hlýtt er í veðri. Drykkinn má einnig hafa sem eftirrétt eftir indverskan mat. Uppskriftin passar í fjögur glös.

2 vel þroskuð mangó
2 dl appelsínusafi
2 dl hrein jógúrt
4 tsk. sykur (má sleppa)
15 ísmolar

Skrælið mangó og skerið í bita. Setjið í háa skál og bætið appelsínusafa, jógúrti og sykri saman við. Maukið með töfrasprota. Setjið ísmola í hátt glas og hellið drykknum yfir.

TVÖFALT AFMÆLI Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINUM

Söngvaborg 15 ára. Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn 25 ára.

LÍF OG FJÖR

Tvöföld afmælishátíð verður haldin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á morgun. Söngvaborg fagnar 15 ára afmæli og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn 25 ára afmæli. Af því tilefni sendir Bylgjan beint út frá garðinum frá 12.20 til 16 en skemmtidagskrá með Söngvaborg hefst á sviði klukkan 14. Þá verða sýnd atriði úr Iceland got talent. Boðið verður upp á andlitsmálun, hestateymingu, kanínuklapp og blöðrur. Leiktækin verða opin og dýrin í góðum gír en þeim verður gefið samkvæmt dagskrá. Veittur verður 40 prósenta afsláttur af dagpössum og aðgangseyri í tilefni dagsins. Auk þess verður boðið upp á grill og ís.



REKSTRARLAND býður upp á hágæðavörur við þvagleka sem samþykktar eru af Sjúkratryggingum Íslands

PIPAR\TBWA • SÍA • 151922

Í Rekstrarlandi aðstoða sérfræðingar okkar við rétt val á hjálparvörum við þvagleka en ávallt er um einstaklingsbundnar lausnir að ræða.

Eitt mesta úrval af hjálparvörum sem í boði er við þvagleka er frá hinum vandaða danska framleiðanda Abena. Vörurnar fást í öllum stærðum og gerðum og búa yfir rakadrægni sem hæfir hverju tilfelli fyrir sig þannig að auðvelt er að finna lausn sem hentar hverjum og einum.

Abena vörurnar eru flestar umhverfisvænar og framleiddar með það að markmiði að auka á þægindi notenda. Þær eru mjúkar viðkomu, þægilegar og umfram allt lítt áberandi.

Skírteinishafar geta nú leitað beint til Rekstrarlands til þess að fá slíkar vörur afgreiddar auk þess sem við sjáum um að koma vörunum heim til notenda án aukakostnaðar.

ABENA
Because we care

Upplýsingar fást í síma 515 1100 eða á heilbrigdi@rekstrarland.is.

REKSTRARLAND
- léttir þér lífið

olís Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Olíuverzlunar Íslands hf.

www.rekstrarland.is

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

Betra blóðflæði
Rauðrófu kristall 100% náttúrulegt
Einstök virkni og gæði - þú finnur muninn
Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna Nitric Oxide. SUPERBEETS örvar Nitric Oxide framleiðslu strax. Bætt blóðflæði og aukin súrefnisupptaka hefur jákvæð áhrif á alla starfsemi líkamans, þ.m.t. hjarta og æðakerfi.
ATH: Breyting nítrats úr fæðu í Nitric Oxide. (NO) byrjar í munni, þess vegna er SuperBeets tekið inn í vökvaformi, en ekki töfluformi.

Íslensk vottun á virkni NO³
Sýni rannsóknarstofa - Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Nitric Oxide Superbeets allt að 5 sinnum öflugri
1. dós superbeets jafngildir
30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa
Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum
Nánari upplýsingar WWW.SUPERBEETS.is Umboð: vitex ehf - Upplýsingasími 896 6949

OptiBac probiotics

"Bestu meltingargerlar sem ég hef prófað"
Víðir Þór Þrastarsson, íþrótta- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands.
Fæst í apótekum og heilsubúðum
PRENTUN.IS

TÓNLEIKAR UNDIR BERUM HIMNI

TÓNLEIKAR *KEXPort verður haldið í fjórða skiptið í dag en þar koma fram tólf bönd á tólf klukkustunda löngum tónleikum. Ókeypis er inn fyrir alla.*

Tólf klukkutíma maraþontónleikar, KEXPort, verða haldnir úti í portinu fyrir aftan Kex Hostel í dag og hefjast þeir klukkan tólf. „Þetta verða fyrst og fremst dúndur tónleikar. Það verða hér tólf bönd og er þau mjög fjölbreytt, það verða nokkur stór nöfn eins og Sóley, Hljómsveitin Valdimar, Agent Fresco, Ojbarasta og Emmsjé Gauti. Svo verða nokkur minni inn á milli líka, til dæmis Gísli Pálmi, Rökkurró, Kælan mikla og Teitur Magnússon. Þannig að þetta eru upprennandi og ráðsettari bönd í bland," segir Benedikt Reynisson, tónlistarstjóri á Kexi.

ALLT ÞAÐ BESTA Í BEINNI

KEXPort er haldið í ár í fjórða skiptið en tónleikarnir komu til vegna samstarfs Kex Hostels og bandarísku útvarpsstöðvarinnar KEXP. „KEXP hefur sent beint út frá tónleikum á Kexi Hosteli frá því í október 2011 eða nokkrum mánuðum eftir að staðurinn var opnaður. Útsendingarnar vöktu athygli á Kexi og vildu aðstandendur staðarins þakka stöðinni fyrir og ákváðu því að halda tónleikana KEXPort til heiðurs KEXP. Stöðin hefur síðan sent beint út frá tónleikum sem hér hafa verið haldnir, allt það besta úr íslensku tónlistarflórunni, meðal annars frá Iceland Airwaves og ætla þeir að gera það aftur í ár."

Tónleikunum verður streymt í beinni á netinu þannig að þeir sem komast ekki til að fá stemninguna beint í æð geta fylgst með á netinu. „Við eigum von á að færri komist að en vilja í dag en við bjóðum að sjálfsögðu alla velkomna að koma með góða skapið með sér. Það er ókeypis inn og yfir þrjú þúsund manns búnir að tilkynna komu sína á Facebook. Á KEXPort í fyrra voru mest um fimmtán hundruð manns hér í portinu í einu. Það verður góð stemning í allan dag og veðrið lítur út fyrir að verða okkur hagstætt þannig að þetta verða án efa flottustu tónleikarnir í Reykjavík í dag," segir Benedikt og brosir.

UMFANGSMIKIL FRAMKVÆMD

Hann segir svona maraþontónleika vera umfangsmikla í framkvæmd og marga sem koma að þeim. „Undirbúningurinn fyrir þessa tónleika tók um tvo mánuði í heild. Það er margt og margir sem þurfa að stilla sig saman, tónlistarmenn, hljóðmenn, myndatökumenn, tæknimenn og fleiri því sent verður beint út í Seattle í gegnum KEXP. Stöðin hefur, eins og áður segir, unnið flott starf fyrir íslenska tónlist og kynnt hana vel í Bandaríkjunum. Hún er með eigin Youtube-rás sem er með yfir sex hundruð þúsund áskrifendur þannig að þetta er gott tækifæri fyrir íslenskar hljómsveitir til að vekja athygli á sér."

Í PORTINU Benedikt Reynisson, tónlistarstjóri Kex, er einn af þeim sem hafa veg og vanda af skipulagningu KEXPort. MYND/ERNIR

GÓÐ STEMNING Það var mikil stemning á KEXPort í fyrra og um 1.500 manns í einu í portinu þegar mest lét.

LJÚFFENGT HELGARNAMMI

Það er skemmtileg tilbreyting að búa sér til sitt eigið laugardagsnammi í stað þess að kaupa það á nammibarnum. Hér eru tvær gómsætar uppskriftir.

Laugardagur er nammidagur hjá mörgum og því viðeigandi að fá sér eitthvað gott í dag. Á vefsíðunni simnet.is/uppskriftir má finna fullt af uppskriftum að ýmsu góðgæti, meðal annars þessar tvær sem eru auk þess frekar einfaldar.

DÖÐLUMARSIPAN

100 g súkkulaði
Döðlumauk
50 g döðlur
15 g púðursykur
6 msk. vatn
Kartöflumarsípan
1-2 stór soðin afhýdd og köld kartafla
100-200 g flórsykur
¼ tsk. möndludropar

Bræðið 50 g súkkulaði, fóðrið lítið box eða form með smjörpappír, hellið súkkulaði í svo það hylji botninn, setjið í ísskáp og látið storkna.

Sjóðið döðlumaukið í gróft, ekki of blautt mauk.

Búið til marsipan úr kartöflum eða kaupið tilbúið. Bætið flórsykri í þar til hnoðunar hæft, fletjið út. Sniðugt er að nota filmu eða hafa plastpoka á milli þegar marsipanið er flatt út. Setjið marsipanið ofan á kalt súkkulaðið og svo döðlumaukið ofan á það. Hyljið síðan með súkkulaði. Kælið og skerið í viðráðanlega bita.

DÖÐLUGOTT
Döðlumarsipan rennur ljúflega niður.

KRYDDAÐ SÆLGÆTI

50 g súkkulaði
2 msk. appelsínubörkur
12 saltstangir

Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði, blandið berkinum í og svo gróf-brotnum saltstöngunum.

Fletjið út á smjörpappír, ekki of þunnt. Látið kólna og skerið niður.

Til tilbreytingar er hægt að nota sítrónubörk í stað appelsínubarkar og annað snakk eins og Doritos, popp, kornflögur eða Ritzkex í staðinn fyrir saltstangir.

SÆTT OG SALTAÐ
Þessir bitar samanstanda af súkkulaði, appelsínuberki og saltstöngum.

Grindavíkurbær auglýsir spennandi störf sérfræðinga laus til umsóknar á félags- þjónustu- og fræðslusviði:

Félagsráðgjafi í 50% starfshlutfalli

Helstu verkefni og ábyrgð
Verkefni félagsráðgjafa taka til almennrar félags- og velferðar-þjónustu, auk barnaverndarmála. Félagsráðgjafi veitir einstakling-um og fjölskyldum félagslega ráðgjöf svo sem vegna félags-legra erfiðleika, uppeldis barna og unglinga, veikinda, fötlunar, vímuefnaneyslu og umgengis- og skilnaðarmála, auk þess að sinna vinnslu barnaverndarmála.

Hæfniskröfur
Starfsréttindi í félagsráðgjöf
PMTO grunnmenntun og/eða meðferðarmenntun er æskileg
Þekking og reynsla í vinnslu og meðferð mála með einstaklinga og fjölskyldur
Þekking og reynsla í vinnslu barnaverndarmála
Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi á teymisvinnu

Leikskólaráðgjafi í 50% starfshlutfalli

Helstu verkefni og ábyrgð
Leikskólaráðgjafi er leikskólastjórum og öðrum starfsmönnum leikskóla til ráðgjafar og stuðnings um fagleg málefni, veitir ráðgjöf vegna foreldrasamstarfs í leikskólum, er ráðgefandi í sérverk-efnum, þróunarverkefnum og nýbreytnistarfi og miðlar þekkingu og nýjungum á sviði leikskólafræða. Þá sinnir viðkomandi hlutverki daggæslufulltrúa sveitarfélagsins og annast umsjón með almennum uppeldisnámskeiðum.

Hæfniskröfur
Leikskólakennaramenntun, auk þekkingar og reynslu af leikskóla-starfi
Viðbótarmenntun er nýtist í starfi er æskileg
Reynsla af stjórnun í leikskóla er æskileg
Þekking á uppbyggingarstefnunni er æskileg
PMTO grunnmenntun og/eða meðferðarmenntun er æskileg
Leiðbeinandaréttindi í Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar er æskileg
Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi á teymisvinnu

Sálfræðingur í 50% starfshlutfalli

Helstu verkefni og ábyrgð
Greining, ráðgjöf og eftirfylgni vegna nemenda í leik- og grunn-skóla, forvarnarstarf í leik- og grunnskóla með áherslu á sjálfbærni skólanna á lausn mála sem upp koma. Stuðningur við stjórnendur og starfsfólk leik- og grunnskóla vegna mála einstaklinga og námshópa.

Hæfniskröfur
Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur
Þekking og reynsla við beitingu helstu greiningarprófa í skólum
Þekking á uppbyggingarstefnunni er æskileg
PMTO grunnmenntun og meðferðarmenntun er æskileg
Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi á teymisvinnu

Félagsþjónustu- og fræðslusvið Grindarvíkurbæjar heyrir undir sviðsstjóra sviðssins. Þjónustan er innt af hendi í tveimur teymum, annars vegar skólaþjónustuteymi og hins vegar félagsþjónustu-teymi og er rík áhersla lögð á þverfaglegt samstarf á milli teymanna. Auk þeirra starfa sem nú eru auglýst til umsóknar starfa á sviðinu lögfræðingur, sálfræðingur, félagsráðgjafi og talmeinafræðingur.

Í Grindavík búa um 3.070 einstaklingar og er hlutfall barna um 27% af íbúum. Í sveitarfélaginu eru tveir leikskólar og einn grunnskóli og rekur sveitarfélagið eigin sérfræðiþjónustu fyrir skólana. Þá rekur sveitarfélagið eigin félagsþjónustu og barnavernd en er í samvinnu við önnur sveitarfélög á Suðurnesjum vegna þjónustu við fatlað fólk.

Umsókn ásamt ferilskrá skal berast eigi síðar en 13. ágúst 2015 á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62, 240 Grindavík. Launakjör er samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttafélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin veita Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri (nmj@grindavik.is/420-1100) og Ingibjörg María Guðmundsdóttir, sálfræðingur (ingamaria@grindavik.is/420-1100).

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Verkefnastjóri óskast til starfa á skrifstofu framkvæmda og viðhalds

Um er að ræða starf hjá byggingadeild skrifstofu framkvæmda og viðhalds. Byggingadeild sér um áætlanagerð, hönnun, útboð, framkvæmd og eftirlit með stofnframkvæmdum ásamt viðhaldi fasteigna eignasjóðs. Meðal verkefna byggingadeildar eru nýbyggingar, endurgerð og viðhald leik- og grunnskóla, íþróttamannvirkja og sundlauga, frístundaheimila, ýmissa menningarstofnana og annarra stofnana og fasteigna í eigu Reykjavíkurborgar. Skrifstofan er til húsa í Borgartúni 12-14 og næsti yfirmaður er deildarstjóri byggingadeildar.

Starfssvið
- Verkefnastjórn við nýframkvæmdir og viðhald fasteigna.
- Aðstoð við gerð viðhaldsáætlunar.
- Eftirfylgni vinnuáætlunar viðhalds og nýframkvæmda varðandi verklegar framkvæmdir.
- Eftirlit með útboðsverkum.
- Skráning viðhaldsverkefna og kostnaðarstöðu þeirra í verkbókhald.
- Skráning í eignavef Reykjavíkurborgar og í Framkvæmdasjá.
- Verkbókhald, yfirferð og samþykkt reikninga.
- Þátttaka í stjórnun verkefna og eftirfylgni þeirra.
- Vettvangsferðir á vinnusvæði

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun í byggingaverkfræði eða byggingartæknifræði eða sambærileg menntun í tæknigreinum á háskólastigi.
- Starfsreynsla á sviði byggingamála.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni, kostnaðarvitund og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Frumkvæði, áræðni og röggsemi til verka.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist skrifstofustörfum og góð þekking á Word og Excel.

Um er að ræða 100% starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Agnar Guðlaugsson deildarstjóri byggingadeildar í síma 411-1111. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar ***www.reykjavik.is*** undir laus störf „***Verkefnastjóri á byggingadeild***". Umsóknarfrestur er til og með 4. ágúst. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Rio Tinto Alcan

Vélvirki, vélfræðingur eða bifvélavirki

Rio Tinto Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða vélvirkja, vélfræðing eða bifvélavirkja til að sinna fjölbreyttum störfum á verkstæðum fyrirtækisins.

Starfssvið
» Viðhald og viðgerðir á framleiðslu- og vélbúnaði
» Bilanagreining á framleiðslubúnaði
» Almenn viðgerðavinna
» Samskipti við framleiðsludeildir

Menntunar- og hæfniskröfur
» Sveinspróf í vél- eða bifvélavirkjun
» Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi
» Góðir samskiptahæfileikar
» Almenn tölvuþekking er kostur

Nánari upplýsingar veitir Ágúst H. Jóhannesson, verkstjóri aðalverkstæðis, og Jóhann Samsonarson, verkstjóri vinnuvélaverkstæðis, í síma 560 7000.

Áhugasamir, vinsamlegast fylli út atvinnuumsókn á vef fyrirtækisins, **riotintoalcan.is.**

Umsóknarfrestur er til og með 28. júlí 2015.

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is

Sérfræðingar á sviði markaðsrannsókna

MMR býður upp á alhliða þjónustu á sviði markaðsrannsókna og starfar fyrir leiðandi markaðsfyrirtæki, innlend sem erlend.
Við leitum nú að hæfileikaríkum sérfræðingum til að takast á við fjölbreytt rannsóknaverkefni í skemmtilegu starfsumhverfi.

Verkefni sérfræðinga eru meðal annars:
- Mótun og uppsetning rannsóknaverkefna
- Framsetning og kynning rannnsóknarniðurstaðna
- Samskipti við viðskiptamenn

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Viðkomandi þarf að hafa mjög góða ritfærni og íslenskukunnáttu
- Háskólamenntun með áherslu á rannsóknaraðferðir félagsvísinda
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhugi eða þekking á SPSS eða Excel forritun kostu

Öllum umsækjendum er heitið fullum trúnaði.
Umsóknir sendist til Ólafs Þórs Gylfasonar, framkvæmdastjóra MMR, á olafur@mmr.is
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 10. ágúst.
Nánari upplýsingar um MMR á www.mmr.is

MMR / Markaðs og miðlarannsóknir ehf / Ármúla 32 / 108 Reykjavík

Stígamót óska eftir götukynnum í ágúst

Stígamót leita að duglegu og skemmtilegu fólki til þess að taka að sér kynningarstörf og fjáröflun.

Um er að ræða hálft starf við götukynningar þar sem starfsemi Stígamóta er kynnt og fólki boðið að verða styrktaraðilar. Vinnutíminn er eftir hádegi. Starfsmaðurinn þarf að vera opinn, ábyrgur, kraftmikill og sjálfstæður.

Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá á steinunn@stigamot.is sem fyrst, en **fresturinn rennur út 26. júlí. Nánari upplýsingar fást í s. 562-6868.**

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 75364 07/15

Staðgengill lyfsala á Egilsstöðum

Lyfja hf. leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi í stöðu staðgengils lyfsala.

Starfs- og ábyrgðarsvið:
Lyfjafræðingur annast afgreiðslu lyfseðla auk þess sem hann veitir viðskiptavinum og starfsfólki faglega ráðgjöf. Auk þess ber hann sem staðgengill lyfsala faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar, annast daglegan rekstur og umsýslu í fjarveru lyfsala og sér til þess að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi og samkvæmt þeim rekstrarlegu markmiðum sem Lyfja setur.

Um er að ræða spennandi starf og tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.

Í boði er krefjandi starf, skemmtilegur vinnustaður og gott vinnuumhverfi.

Hæfniskröfur:
Háskólapróf í lyfjafræði, gilt starfsleyfi og a.m.k. þriggja ára starfsreynsla. Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til 3. ágúst n.k. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Sækja má um starfið á heimasíðu okkar www.lyfja.is

Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, sími 530 3800, hallur@lyfja.is

Verslunarstjóri óskast í Kaupfélag Steingrímsfjarðar

Kaupfélag Steingrímsfjarðar auglýsir laust til umsóknar starf verslunarstjóra í verslun félagsins á Norðurfirði frá 1. september 2015. Verslunarstjóri ber ábyrgð á og stýrir daglegum rekstri verslunarinnar.

Helstu verkefni:
- Innkaup
- Vörumóttaka
- Sala og póstafgreiðsla
- Dagleg stjórnun
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini

Hæfni og þekking:
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verslunarstörfum æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Frumkvæði, nákvæmni og góð skipulagshæfni
- Rík þjónustulund og góð samskiptahæfni

Frekari upplýsingar gefur kaupfélagsstjóri í síma 455 3100 eða á netfanginu jon@ksholm.is.

Umsóknum, ásamt ferilskrá, skal skila á skrifstofu Kaupfélags Steingrímsfjarðar, Höfðatúni 4, 510 Hólmavík.

Umsóknarfrestur er til og með 23. júlí næstkomandi.

Kaupfélag Steingrímsfjarðar

Mannverk óskar eftir öflugu starfsfólki

MANNVERK
FRAMKVÆMDIR OG RÁÐGJÖF

Verkefnastjóri byggingaframkvæmda

Mannverk óskar eftir að ráða reynslumikinn verkefnastjóra sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni og skemmtilegar áskoranir með góðri liðsheild.

Helstu verkefni
- Fagleg og fjárhagsleg yfirumsjón með byggingaframkvæmdum
- Undirbúningur og stjórnun verkefna
- Hönnunarrýni og samræming
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Kostnaðareftirlit

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði byggingaverkfræði eða tæknifræði
- Mikil og farsæl starfsreynsla af verkefnastjórnun byggingaframkvæmda
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð, menntun í verkefnastjórnun kostur
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

Bókari

Áreiðanlegur og talnaglöggur einstaklingur óskast til starfa við bókhald og almenn skrifstofustörf með góðri liðsheild.

Helstu verkefni eru
- Bókun fylgiskjala
- Afstemming bókhalds
- Önnur almenn skrifstofustörf

Hæfniskröfur
- Haldgóð reynsla á færslu bókhalds
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um störfin veitir Ragnhildur Helgadóttir mannauðsstjóri (ragnhildur@mannverk.is) í síma 771-1104. Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið mannverk@mannverk.is. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað. **Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí 2015.**

Mannverk ehf. var stofnað á vordögum 2012. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróunarverkefnum, stýriverktöku, verkefna- , hönnunar- og byggingastjórnun ásamt almennri framkvæmdaráðgjöf. Mannverk er ábyrgt og framsækið fyrirtæki og leggur áherslu á öfluga liðsheild. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.mannverk.is

Mannverk ehf | Bæjarlind 14-16 | 201 Kópavogi | Sími 519-7100 | www.mannverk.is

VANTAR ÞIG VINNU?

OKKUR VANTAR FÓLK Í LIÐIÐ!

NINGS óskar eftir að ráða sendla,
fólk í afgreiðslu og í eldhús.
Full störf og aukastörf í boði.

NINGS er austurlenskur veitingastaður sem leggur metnað í góðan mat og fyrirmyndar þjónustu.

ERT ÞÚ RÉTTA MANNESKJAN?

Áhugasamir vinsamlega hafi samband með því að fara inn á www.nings.is/atvinna/ og leggið inn umsókn.

NINGS

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Álftanesskóli
- umsjónarkennari í 3. bekk
- grunnskólakennari á elsta stigi

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar,
www.gardabaer.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

SAk SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI HOSPITAL

Framkvæmdastjóri lyflækningasviðs Sjúkrahússins á Akureyri

Staða framkvæmdastjóra lyflækningasviðs við Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk) er laus til umsóknar.
Staðan veitist frá og með 1. október nk. eða eftir samkomulagi.

Lyflækningasvið
Undir lyflækningasvið heyra barnalækningar, geðlækningar, lyflækningar, endurhæfingarlækningar, öldrunarlækningar, barnadeild, geðdeild, lyflækningadeild, almenn göngudeild, Kristnesspítali og sjúkrahúspótek. Lyfjanefnd og næringarteymi heyra til sviðsins auk fagtengdrar verktakaþjónustu. Á sviðinu eru um 160 stöðugildi og áætluð velta um 2.100 mkr.

Ábyrgð
Framkvæmdastjórinn heyrir beint undir forstjóra og á sæti í framkvæmdastjórn. Hann ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri sviðsins, ábyrgð á starfsmönnum og faglega ábyrgð með þeim takmörkunum sem greinir í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.
Næstu undirmenn framkvæmdastjóra eru forstöðumenn á lyflækningasviði.
Mögulegt er að sinna klínískri eða akademískri vinnu með framkvæmdastjórastarfinu.

Menntunar og hæfniskröfur
Gerð er krafa um:
- próf í heilbrigðisvísindum og framhaldsmenntun sem nýtist í starfi,
- leiðtogahæfni og getu til að hvetja aðra til árangurs,
- farsæla stjórnunar- og rekstrarreynslu,
- framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og miðlun upplýsinga,
- frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi,
- reynslu af teymisvinnu og breytingastjórnum í heilbrigðisþjónustu.

SAk er sérgreinasjúkrahús, sem sinnir flestum greinum læknisfræðinnar fyrir íbúa Norður- og Austurlands. Þjónustusvæði sjúkrahússins nær frá Blönduósi og að Neskaupsstað. Íbúafjöldi upptökusvæðisins er um 35.000 manns. Á ársgrundvelli eru gerðar 2.800 skurðaðgerðir á sjúkrahúsinu, legudagar eru 29.000, dagdeildarkomur um 4.500, göngudeildarkomur lækna 13.400, komur á bráðamóttöku um 16.000 og sjúkraflug eru um 500. Starfsmenn sjúkrahússins eru að jafnaði 580 í um 450 stöðugildum. **Gildi SAk eru: Öryggi – samvinna – framsækni.**
Unnið er að því að starfsemi sjúkrahússins fái alþjóðlega vottun. Samstarf er við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Verkmenntaskólann á Akureyri um menntun nema í heilbrigðisgreinum og um vísindarannsóknir.

Ráðið er í stöðuna til fimm ára. Starfskjör byggjast á kjarasamningum og lögum um starfsmenn ríkisins.
Nánari upplýsingar veitir Bjarni Jónasson forstjóri í síma 463-0100 eða/og í tölvupósti bjarnij@sak.is.
Ábyrgðarsvið stjórnenda og frekari upplýsingar um starfið eru á vef sjúkrahússins www.sak.is.

Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2015.

Umsóknum skal skilað á umsóknareyðublaði sem fæst á vef sjúkrahússins www.sak.is
Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af stjórnunarstörfum ásamt með upplýsingum um fræðilegar rannsóknir og ritstörf, auk kennslustarfa eftir því sem við á. Starfsleyfi skulu einnig fylgja umsókn.
Stöðunefndir heilbrigðisstétta meta hæfni umsækjenda eftir því sem við á.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins, sem er reyklaus vinnustaður.

Akureyrarbær - Skipulagsstjóri

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær auglýsir eftir skipulagsstjóra (skipulags- og byggingarfulltrúi). Skipulagsstjóri er yfirmaður skipulagsdeildar og starfar skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Skipulagsdeild hefur á hendi daglega stjórnun skipulagsmála, umferðarmála, byggingamálefna, umhverfisskipulags og landfræðilegs upplýsingarkerfis Akureyrarbæjar (LUKA).

Starfssvið:
- Umsjón og eftirlit með skipulags- og byggingarmálum í sveitarfélaginu í samræmi við stefnu bæjarstjórnar hverju sinni
- Yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi á verksviði sínu
- Ábyrgð á daglegum rekstri skipulagsdeildar þ.m.t. starfsmannamálum og fjármálum
- Áætlanagerð og stefnumótun í samstarfi við skipulagsnefnd
- Undirbúningur og eftirfylgni mála sem varða skipulagsnefnd og situr fundi nefndarinnar
- Afgreiðsla byggingarmála skv. 9. gr. mannvirkjalaga og sér um útgáfu framkvæmdaleyfa
- Innri og ytri samskipti s.s. við stofnanir ríkisins

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Framhaldsmenntun á háskólastigi í arkitektúr eða verkfræði, eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Uppfylla ákvæði 8. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og hafa löggildingu sem hönnuður sbr. 25. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010
- Uppfylla ákvæði 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
- Reynsla af starfi tengdu skipulags- og byggingarmálum er skilyrði
- Þekking á lögum og reglugerðum innan málaflokksins er skilyrði
- Þekking á byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar og menntun og kunnátta til þess að vinna samkvæmt henni er skilyrði
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga æskileg
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Teymishugsun, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Góð almenn tölvukunnátta
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í starfið. Akureyrarbær á í viðræðum við nágrannasveitarfélög um að veita þeim þjónustu á sviði skipulags- og byggingarmála.

Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 4. ágúst nk.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

SÖLUFULLTRÚI
NÚ KOSTAR MINNA AÐ VITA MEIRA

1819

STARFSVIÐ
- Kynning á fjölbreyttri þjónustu
- Sala á skráningum og auglýsingum
- Önnur verkefni á vegum söludeildar

HÆFNISKRÖFUR
- Reynsla af sölustörfum
- Þjónustulund og samskiptahæfni
- Frumkvæði og árangursdrifni
- Samviskusemi og heiðarleiki
- Fljót(ur) að tileinka sér nýjungar

NÝR VALKOSTUR
Nýr valkostur er nýtt, öflugt og framsækið félag sem miðlar upplýsingum í gegnum **upplýsinganúmerið 1819** og **vefsíðuna1819.is**

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á netfangið **halldor@1819.is** fyrir **22. júli**

Umsóknir um starf sendast á sama netfang ásamt **ferilskrá** og **mynd**

GLEIPNIR VERKTAKAR

Bókari óskast

Óskum eftir vönum bókara í 50% starf.
Reynsla af DK bókhaldskerfi er mikill kostur.

Umsóknir sendist á netfangið elvar@gleipnir.is

ROADHOUSE Snorrabraut

Vaktstjóri og starfsmaður í sal í 100% starf.
Einnig starfsfólk í aukavinnu.

Ertu hress og skemmtileg/ur og langar að koma í liðið okkar á Roadhouse? Við leitum að vaktstjóra og starfsmanni í 100% starf. Unnið er á vöktum 2-2-3. Vantar einnig fólk í kvöld- og helgarvinnu.

Áhugasamir hafi samband á dori@roadhouse.is

Tækjamenn/Bílstjórar

Dráttarbílar Vélaleiga óska eftir að ráða vana tækjamenn / bílstjóra til starfa. Við leitum að hæfileikaríkum einstaklingum með reynslu til starfa á gröfum og tækjum ásamt akstri vörubifreiða.

Hæfniskröfur
- Vinnuvélaréttindi / meirapróf.
- Reynsla við stjórn vinnuvéla
- Geta unnið sjálfstætt.
- Íslenskukunnátta skilyrði.
- Hreint sakavottorð
- Ferilskrá

Tekið er á móti umsóknum rafrænt á **atvinna@drattarbilar.is** einnig er mjög æskilegt að viðkomandi skili ferilskrá með umsókn.

DRÁTTARBÍLAR

Þungaflutningar – Verktakastarfsemi – Jarðvinna - Efnissala

Skeiðarás 4 • 210 Garðabæ • atvinna@drattarbilar.is

Starfsfólk óskast

Veitingastaðurinn Bombay Bazaar í Kópavogi auglýsir eftir starfsfólki í vinnu bæði í fullt starf og hluta starf.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Endilega sendið umsókn á **bombaybazaar200@gmail.com**

Bombay Bazaar

ALÞINGI

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsfólki í mötuneyti og þingvörslu.

Sjá nánar á starfatorg.is.

VANTAR STÝRIMANN TIL AFLEYSINGA

Dögun ehf. leitar að stýrimann til afleysinga í nokkrar veiðiferðir á rækjuskipið RÖST SK-17.

Leitað er að stýrimanni með reynslu af togveiðum, helst á rækju

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, með tölvupósti til: oskar@dogun.is og olafur@dogun.is.

Nánari upplýsingar veita Sigurður Friðriksson í síma 897-7989 eða Óskar Garðarsson í síma 892-1586.

Dögun ehf. var stofnað árið 1983. Fyrirtækið stundar rækjuvinnslu og útgerð, og er með aðsetur á Sauðárkróki.

DÖGUN

VERKSTÆÐISMÓTTAKA

Starfsmaður í verkstæðismóttöku óskast til starfa hjá Kletti-sölu og þjónustu ehf.

Starfið felst meðal annars í móttöku verkefna inn á verkstæði og frágang þeirra við verklok.

Reynsla og þekking á vörumerkjum Kletts eða sambærilegum er nauðsynleg.

Tölvukunnátta og góð tök á ensku er nauðsynleg.

Upplýsingar um starfið veitir Sveinn Símonarson Þjónustustjóri í síma 825 5752 eða svsi@klettur.is

KLETTUR

Klettagörðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími: 590-5100 | klettur.is

---

Forstöðumaður félagsþjónustu

Fjölskyldudeild Akureyrabæjar óskar eftir að ráða forstöðumann félagsþjónustu. Um nýtt starf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið stör 1. september 2015 eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni:
- Stjórnar og ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem félagsþjónustan veitir og er yfirmaður þeirra sérfræðinga sem vinna í málaflokknum
- Ber ábyrgð á fjárhags- og starfsáætlanagerð Fjölskyldudeildar hvað varðar félagsþjónustuna í samvinnu við framkvæmdastjóra
- Vinnur að samþættingu þjónustu
- Sér um ársskýrslugerð og vinnur að ýmsum forvarnar- og þróunarverkefnum
- Tekur auk stjórnunar þátt í vinnslu mála sem félagsráðgjafi

Hæfniskröfur:
- Háskólapróf í félagsráðgjöf og viðeigandi starfsleyfi á Íslandi.
- Nauðsynlegt er að hafa a.m.k 3 -5 ára reynslu sem félagsráðgjafi. Reynsla af starfi í félagsþjónustu er kostur.
- Stjórnunarreynsla er æskileg.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi er nauðsynlegt.
- Sveigjanleiki og góð hæfni í mannlegum samskiptum er nauðsynleg.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.
Umsóknarfrestur er til og með 4. ágúst 2015.

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Bókasafn
- **Deildarstjóri upplýsinga- og tæknimála á Bókasafn Kópavogs**

Grunnskólar
- **Umsjónarkennari á yngsta stig í Kársnesskóla**

Velferðarsvið
- **Félagsráðgjafi hjá Barnavernd**

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

Matreiðslunemar og framreiðslunemar

Veitingahús Perlunnar leitar að hæfileikaríkum matreiðslu- og framreiðslunemum.

Sendið umsóknir til perlan@perlan.is.

ÍSFROST
KÆLI- OG FRYSTITÆKI

Kælivirkjar, vélvirkjar, vélstjóri eða rafvirki

Vegna mikilla anna ætlar Ísfrost ehf að fjölga mönnum á verkstæði sínu í Reykjavík. Leitað er eftir vönum kælivirkjum, vélvirkjum, vélstjórum eða rafvirkjum. Einnig kemur til greina að ráða duglega menn án réttinda. Leitað er að mönnum í framtíðarstörf hjá ört vaxandi fyrirtæki.

Ísfrost ehf er rúmlega 20 ára gamalt fyrirtæki, sérhæft í sölu, uppsetningu og þjónustu á kæli og frystibúnaði til iðnaðarnota. Fyrirtækið er einnig löggiltur rafverktaki.

Okkur langar að bjóða þér að slást í hópinn. Við viljum gjarnan að þú sért hress, duglegur, sjálfstæður og þjónustulundaður. Æskilegt er að þú sért með iðnmenntun, þokkalega fær á tölvu og skiljir íslensku. Reynsla af faginu er kostur en ekki skilyrði.

Þar sem kæli- og frystitæki snerta nánast öll svið sem hægt er að hugsa sér, er um fjölbreytt og skemmtilegt starf að ræða. Góð laun í boði fyrir fyrir ábyrga, heiðarlega og áhugasama aðila.

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn í síma 899 8898 eða á steini@isfrost.is

Vinsamlega skal skilið umsóknum fyrir **25. júlí** næstkomandi á netfangið steini@isfrost.is eða til Ísfrost ehf að Funahöfða 7, 110 Reykjavík. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

HAGKAUP
EIÐISTORGI

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

Hagkaup óskar eftir að ráða starfsmenn. Um er að ræða 100% störf í dag- og næturvinnu í Hagkaup Eiðistorgi

- Við leitum að fólki til starfa sem hefur áhuga á að vaxa og dafna með okkur.
- Hagkaup leggur mikla áherslu á þjónustulund, áreiðanleika og frumkvæði.
- Umsækjandi þarf að hafa náð 18 ára aldri.

Allar nánari upplýsingar veitir Enric Teitsson verslunarstjóri á staðnum eða í síma **563 5000**. Áhugasamir geta einnig sent póst á **nesverslunarstjori@hagkaup.is**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

BORGARBYGGÐ

Borgarbyggð auglýsir:

Tölvuumsjónarmaður

Laust er til umsóknar 80% starf tölvuumsjónarmanns. Brýnt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Tölvuumsjónarmaður sinnir daglegri notendaþjónustu og kerfisstjórn í grunnskólum, leikskólum og öðrum stofnunum sveitarfélagsins.

- Umsjón og rekstur á Windows netþjónum ásamt umsýslu með Office365.
- Uppsetning á vél-, hug- og jaðarbúnaði.
- Umsjón með tölvum og öðrum vélbúnaði.
- Innkaup og ráðgjöf vegna vél- og hugbúnaðar.
- Samskipti við birgja og þjónustuaðila upplýsingatæknilausna.
- Stefnumótun og ráðgjöf á sviði upplýsingamála.
- Námskeið og fræðsluefni fyrir notendur.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólagráða eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla á sviði upplýsingatækni.
- Góð þekking og reynsla við þróun og viðhald upplýsingakerfa.
- Góð þekking og reynsla á innleiðingu hugbúnaðar.
- Góð þekking á Microsoft Office, Office365 og leyfismálum.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Leikskólastjóri í Borgarbyggð

Laust er til umsóknar starf leikskólastjóra Andabæjar á Hvanneyri. Starfshlutfall er 100% og brýnt er að viðkomandi geti hafið störf í ágúst.

Leikskólastjóri starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu Borgarbyggðar. Leikskólastjóri veitir skólanum faglega forstöðu og ber ábyrgð á rekstri skólans. Heimasíða skólans www.andabaer.borgarbyggd.is.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Leikskólakennaramenntun.
- Reynsla af stjórnun leikskóla.
- Færni í mannlegum samskiptum og þverfaglegu starfi.
- Sjálfstæð, skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 24. júlí fyrir stöðu leikskólastjóra og 31. júlí fyrir stöðu tölvuumsjónarmanns.

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn umsóknum á netfangið kolfinna@borgarbyggd.is. Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Borgarbyggðar hvetur sveitarfélagið karla jafnt sem konur til þess að sækja um störfin.

EFTIRLITSMAÐUR Í LOFTHÆFI- OG SKRÁSETNINGARDEILD

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála með um 140 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit er varðar flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á www.samgongustofa.is.

Samgöngustofa
Ármúli 2
108 Reykjavík
Sími: 480 6000

Samgöngustofa

Samgöngustofa óskar eftir að ráða eftirlitsmann í lofthæfi- og skrásetningardeild. Starfið felst í skrásetningu loftfara, lofthæfi þeirra og flugtæknilegra framleiðsluvara, vottun og eftirliti með fyrirtækjum sem annast viðhald og viðhaldsstýringu sem og þeim er annast kennslu flugvéltækna. Í starfinu getur einnig falist mat á umsóknum og afgreiðsla skírteina og tegundaáritana til flugvéltækna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Krafist er menntunar flugvéltæknis með Part 66 skírteini eða tæknilegs náms á háskólastigi sem tengist lofthæfi loftfara.
- A.m.k. fimm ára reynsla af viðhaldi eða viðhaldsstjórnun loftfara hjá fyrirtæki skv. kröfum EASA, þekking á hönnun loftfara og á EASA reglugerðum.
- Umsækjandi þarf að tileinka sér mjög öguð vinnubrögð, þ.m.t. alþjóðlegar kröfur sem gilda í flugi.
- Mjög góð tök á íslensku og ensku er skilyrði sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.

Leitað er að einstaklingi með góða samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu og mikinn áhuga á flugstarfsemi. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði, sjálfstæði og fagmennsku í starfi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum og geta unnið undir miklu álagi. Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi umhverfi sem reynir á faglega hæfni og frumkvæði einstaklings.

Umsóknarfrestur er til 3. ágúst 2015

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á www.samgongustofa.is/storf

Samgöngustofa hvetur jafnt konur sem karla til að sækja um þessa stöðu.

Nánari upplýsingar veitir Ómar Þór Edvardsson, deildarstjóri lofthæfi- og skrásetningardeildar, í síma 480 6000.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Samgöngustofa áskilur sér rétt til þess að hafna öllum umsóknum. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Capacent Ráðningar
capacent

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan á Akureyri, HSN	Akureyri	201507/737
Sjúkraþjálfari	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Patreksfjörður	201507/736
Verkefnastjóri á dag- og göngud.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201507/735
Læknaritari/móttökuritari	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	Reykjavík	201507/734
Hjúkrunarfræðingur í skólahjúk.	Heilsugæslan á Akureyri, HSN	Akureyri	201507/733
Verkefnastjóri í bráðahjúkrun	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201507/732
Héraðs- og varahéraðssaksóknari	Innanríkisráðuneytið	Reykjavík	201507/731
Ræsting	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Akranes	201507/730
Ljósmóðir	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Borgarnes	201507/729
Yfirlæknir og heilsugæslulæknar	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201507/728
Heilbrigðisritari	LSH, Krabbameinslækningadeild	Reykjavík	201507/727
Ræstingastjóri	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201507/726
Framkvæmdastjóri	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201507/725
Eftirlitsmaður	Samgöngustofa	Reykjavík	201507/724
Aðjúnkt	Háskólinn á Akureyri, Lagadeild	Akureyri	201507/723
Sérfræðingur í gagnasöfnun	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201507/722
Eftirlitsdýralæknir	Matvælastofnun	Reykjavík	201507/721
Aðstoðarskólameistari	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Grundarfjörður	201507/720
Framhaldsskólakennari	Menntaskólinn á Tröllaskaga	Ólafsfjörður	201507/719
Táknmálstúlkur	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	Reykjavík	201507/718
Starfsmaður í aðhlynningu	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201507/717
Sjúkraliðar	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201507/716
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201507/715
Starfsmenn í aðhlynningu	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201507/714
Þingverðir	Alþingi	Reykjavík	201507/713
Byggingartæknifræðingur	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Reykjavík	201507/712
Framkvæmdastjóri	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Reykjavík	201507/711

MeistaraMúr ehf

Óskum eftir múrurum og flísalagningarmönnum

Einungis vanir menn koma til greina
+
S: 866-6291/824-0824

meistaramur@meistaramur.is

HLUTASTÖRF

SKÓLAFÓLK OG ELDRI BORGARAR

Hlutastörf í boði, einkum milli kl. 15.30 - 18 og um helgar:

- **Starfsfólk í verslun.**
  Leitað er að einstaklingum 20 ára eða eldri. Samviskusemi, þjónustulund og metnaður. Reynsla af sölustörfum æskileg.
- **Starfsfólk á kassa, 50 -100% starfshlutfall.**
  Reynsla, metnaður, samsviskusemi og þjónustulund.

Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar á netfangið: *sala@murbudin.is*
Öllum umsóknum svarað.

MÚRBÚÐIN

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Fasteignamarkaðurinn ehf. - lögg. fasteignasali

Fasteignamarkaðurinn ehf., sem er ein elsta og rótgrónasta fasteignasala landsins, óskar eftir að ráða til starfa löggiltan fasteignasala til að sinna sölu fasteigna og ýmsu öðru er viðkemur daglegum rekstri fasteignasölu. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sölu fasteigna.

Mjög góð föst mánaðarlaun í boði fyrir réttan aðila auk mögulegrar árangurstengingar.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf umsækjenda sendist á netfangið gtj@fastmark.is fyrir 20. júlí n.k. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Starf kirkjuvarðar í Seljakirkju laust til umsóknar

Seljakirkja í Reykjavík óskar eftir að ráða kirkjuvörð í 70% starfshlutfall frá og með 24. ágúst nk.

Óskað er eftir ábyrgum og jákvæðum einstaklingi sem hefur áhuga á starfi kirkjunnar. Starfslýsingu má finna á seljakirkja.is og allar frekari upplýsingar má fá hjá sóknarpresti olafur.borgthorsson@kirkjan.is.

Umsóknir skulu berast til seljakirkja@kirkjan.is.
Umsóknarfrestur er til 24. júlí.

Árbæjarkirkja

Árbæjarsókn auglýsir starf í kærleiksþjónustu frá og með 24. ágúst 2015

Starfssvið
- Umsjón og skipulagning með starfi eldri borgara
- Vinaheimsóknir

Þekking og reynsla
- Vera jákvæður, þjónustulundaður og góður í samskiptum við aldraða
- Skipulagður, vandvirkur og nákvæmur
- Menntun og/eða reynsla sem getur nýst vel í starfi

Nánari upplýsingar gefur Kristín í s. 587-2405 milli kl. 9 – 12.

Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí 2015.
Umsókn og ferilskrá sendist á arbaejarkirkja@arbaejarkirkja.is eða í pósti á Árbæjarkirkja, v/Rofabæ, 110 Reykjavík.

